

Efnisyfirlit

STJÓRN BLÍ	3
NEFNDIR BLÍ	3
FJÖLDI BLAKIÐKENDA FRÁ 1969 OG FULLTRÚAR Á BLAKÞINGI ÁRIÐ 2008	4
DAGSKRÁ	5
SKÝRSLA STJÓRNAR BLÍ 2007-2008	6
STJÓRN OG FRAMKVÆMDAS TJÓRN	6
MÓTA- OG DÓMARAMÁL	6
LIÐ ÁRSINS Í 1. DEILD KVENNA	7
LIÐ ÁRSINS Í 1. DEILD KARLA	7
BLAKMAÐUR OG KONA ÁRSINS 2007	7
FJÖLMÍÐLAR OG SAMSKIPTI	7
ERLEND SAMSKIPTI	8
FJÁRMÁL	8
FRAMTÍÐIN	9
SKÝRSLA MÓTANEFNDAR BLÍ	9
HAUSTMÓT BLÍ	9
1. DEILD KVENNA	9
ÚRSLITAKEPPNI KVENNA	10
1. DEILD KARLA	10
ÚRSLITAKEPPNI KARLA	11
2. DEILD KARLA SUÐUR	11
2. DEILD KARLA AUSTUR	12
2. DEILD KVENNA SUÐUR A	12
2. DEILD KVENNA SUÐUR B	12
2. DEILD KVENNA NORÐUR	13
2. DEILD KVENNA AUSTUR	13
ÚRSLITAKEPPNI Í 2. DEILD	13
3. DEILD KVENNA	14
BROSBIKARINN 2008	16
SKÝRSLA DÓMARANEFNDAR BLÍ	18
ÞINGGERÐ ÖLDUNGAÞINGS 2008	21
SKÝRSLA YNGRIFLOKKANEFNDAR BLÍ	23
KRAKKABLAÐ	23
ÍSLANDSMÓT BLÍ	23
ÚRSLIT ÍSLANDSMÓTSINS	24

HÆFILEIKABÚÐIR BLÍ	26
LOKAORÐ	26
UNGLINGALANDSLIÐSNEFND BLÍ	27
UNGLINGALANDSLIÐIN 2007	27
SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR	29
KARLALANDSLIÐ ÍSLANDS	29
KVENNALANDSLIÐ ÍSLANDS	30
ÚRSLIT LEIKJA STARFSÁRIÐ 2007-2008 HJÁ LANDSLIÐUM ÍSLANDS	31
STRANDBLAKSNEFND BLÍ	31
ÓLYMPIULEIKAR SMÁRÞJÓÐA 3. – 9. JÚNÍ	31
LANDSMÓT UMFÍ 5. – 8. JÚLÍ	32
SKEMMTIMÓT Á JÓNSMESSU 23. JÚNÍ	33
STIGAMÓT BLÍ Á ÞINGEYRI 30. JÚNÍ	33
STIGAMÓT BLÍ Á AKUREYRI 21. JÚLÍ	33
ÍSLANDSMÓTIÐ Í STRANDBLAKI 18. ÁGÚST	34
LOKAORÐ	35
ÁRSREIKNINGUR 2007	36
VIÐAUKAR	43
BLAKLANDSLIÐIN Í MÓNAKÓ	43
ÚRSLIT BLAKLEIKJA Í MÓNAKÓ	44
AFMÆLISÁVARP FORMANNS BLÍ	45
HEIÐURSMERKISHAFAR BLÍ - GULL	47
SILFURMERKISHAFAR BLÍ	47
BLAKMENN ÁRSINS FRÁ UPPHAFI	47
BESTU OG EFNILEGUSTU LEIKMENN ÍSLANDSMÓTA FRÁ UPPHAFI	48
DÓMARAR BLÍ LEIKTÍMABILID 2007-2008	50
STAÐA SPJALDA EFTIR LEIKTÍMABILID 2007-2008	51
ÚRSLIT LEIKJA	51

Blaksamband Íslands

2007-2008

Stjórn BLÍ

Formaður	Jason Ívarsson
Varaformaður	Stefán Jóhannesson
Gjaldkeri	Óskar Hauksson
Ritari	Ástríður Valbjörnsdóttir
Meðstjóri	Harald Ísaksen
Varastjórn	Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir Svala Vignisdóttir Hreggviður Norðdahl
Frankvæmdastjóri	Sævar Már Guðmundsson

Nefndir BLÍ

Mótanefnd

Sævar Már Guðmundsson, formaður
Davíð Búi Halldórsson
Ólafur Sigurðsson

Dómaranefnd

Jón Ólafur Valdimarsson, formaður
Sævar Már Guðmundsson

Skoðunarmenn reikninga

Davíð Búi Halldórsson
Hjörtur Halldórsson

Aganefnd

Hreggviður Nordahl
Jón Gunnar Sveinsson
Þorvaldur Sigurðsson

Unglingalandsliðsnefnd

Ásta Sigrún Gylfadóttir, formaður
Ástríður S. Valbjörnsdóttir
Auður Hauksdóttir
Vilborg Lilja Stefánsdóttir

Landsliðsnefnd

Stefán Jóhannesson, formaður
Óskar Hauksson
Ingibjörg Gunnarsdóttir

Yngriflokkanefnd

Sævar Már Guðmundsson, forsvarsmaður
Baldur Tumi Baldursson
Guðrún Kristín Einarsdóttir
Viðar Gylfason

Strandblaksnefnd

Karl Sigurðsson
Einar Sigurðsson
Brynjar Pétursson

Fjölmiðlafulltrúi

Stefán Jóhannesson

Fjöldi blakiðkenda frá 1969 og fulltrúar á blakþingi árið 2008

ár	fjöldi	ár	fjöldi	ár	fjöldi	ár	fjöldi
1969	206	1979	2567	1989	2869	1999	1662
1970	237	1980	2579	1990	2718	2000	1862
1971	479	1981	2513	1991	2567	2001	1345
1972	649	1982	2519	1992	2200	2002	1786
1973	855	1983	2426	1993	2074	2003	1981
1974	1334	1984	2362	1994	1848	2004	1830
1975	1609	1985	2362	1995	1961	2005	1624
1976	1974	1986	2775	1996	1592	2006	1827
1977	2257	1987	2955	1997	1592	2007	1918
1978	2501	1988	2906	1998	1217		

Íþróttabandalag / Héraðssamband	Merki	Fjöldi iðkenda	Fulltrúar á þingi	Fulltr.v/liða
Íþróttabandalag Reykjavíkur	ÍBR	326	9	4
Héraðssambandið Skarphéðinn	HSK	171	6	
Héraðssamband S.-Þingeyinga Ungmenna og Íþróttasamband Austurlands	HSP	62	3	
Íþróttabandalag Akureyrar	UÍA	242	7	1
Ungmennasamband Kjalarnesþings	ÍBA	160	6	1
Ungmennasamband N.-Þingeyinga	UMSK	448	11	3
Íþróttabandalag Siglfirðinga	UNÞ	6	1	
Íþróttabandalag Suðurnesja	ÍBS	0	0	
Héraðssamband Snæf. - og Hnappalss.	ÍS	0	0	
Íþróttabandalag Akraness	HSH	224	7	
Ungmennasamband Borgarfjarðar	ÍA	49	2	
Héraðssamband Vestfirðinga	UMSB	18	1	
Ungmennasamband Eyjafjarðar	HSV	17	1	
Ungmennasambandið Úlfjótur	UMSE	14	1	
Héraðssambandið Hrafna-Flóki	USÚ	148	5	
	HHF	33	2	
Samtals		1918	62	9

Dagskrá

36. ársþings BLÍ, haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í Reykjavík, laugardaginn 31. maí 2008, kl. 09.00

1. Þingsetning, kosning þingforseta og ritara
2. Kosning kjörbréfanefndar
3. Kosning í starfsnefndir þingsins;

- a) Kjörbréfanefnd,
- b) Fjárhagsnefnd,
- c) Laga- og leikreglnanefnd,
- d) Allsherjarnefnd,
- e) Uppstillingarnefnd

4. Skýrsla stjórnar
5. Reikningar síðasta starfsárs
6. Ávarp fulltrúa ÍSÍ
7. Ávarp annarra boðsgesta
8. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs
9. Laga- og leikreglnabreytingar
10. Aðrar tillögur og mál lögð fyrir þingið
11. Umræður um framkomin mál og tillögur

Þinghlé

12. Nefndarstörf
13. Nefndarálit, tillögur og atkvæðagreiðslur
14. Ákveðið gjald ævifélaga
15. Önnur mál
16. Kosningar;
 - a) tveggja meðstjórnenda til tveggja ára,
 - b) þriggja í varastjórn til eins árs,
 - c) tveggja endurskoðenda.

Þingslit

Skýrsla stjórnar BLÍ 2007-2008

Stjóm og framkvæmdastjóm

Á síðasta ársþingi voru Óskar Hauksson og Harald Ísaksen kosnir inn í stjórnl BLÍ. Jason Ívarsson var jafnframt endurkjörinn formaður BLÍ. Verkaskipting stjórnl var ákveðin á fyrsta fundinum þann 21. júní 2007. Stefán Jóhannesson tók sæti varaformanns, Óskar Hauksson gjaldkeri, Ástríður S. Valbjörnsdóttir ritari og Harald Ísaksen meðstjórnandi.

Á starfsárinu voru haldnir 7 stjórnlrnfundir en töluvert var um samskipti á tölvupósti. Stjórnl BLÍ endurnýjaði ráðningu Sævars Más Guðmundssonar sem framkvæmdastjóra BLÍ. Stjórnlrnfundir voru ætíð á skrifstofu sambandsins en hún fékk að gjöf tölvuskjá í vetur frá Halldóri Inga Kárasyni. Það bætti til muna starfsaðstöðu framkvæmdastjóra og ber að þakka honum fyrir.

Stjórnl BLÍ hélt upp á 35 ára afmæli BLÍ með veglegu kaffiboði í Íþróttamiðstöðinni þann 6. desember 2007. Þar var Jason Ívarsson sæmdur silfurmerki ÍSÍ en það má finna afmælisávarp formanns aftar í ársskýrslunni.

Á fyrsta fundinum var farið yfir nefndir og formenn skipaðir. Stefán Jóhannesson stýrir landsliðsnefnd, Jón Ólafur Valdimarsson formaður dómarnefndar, Sævar Már Guðmundsson formaður mótanefndar, Ásta Sigrún Gylfadóttir formaður unglíngalandsliðsnefndar, Karl Sigurðsson formaður strandblaksnefndar og Stefán Jóhannesson verður áfram fjölmiðlafulltrúi. Ákveðið var að fresta því að skipa formann yngriflokkarnefndar en síðar varð það framkvæmdastjórinn sem varð forsvarsmáður hennar.

Móta- og dómaramál

Keppnistímabilið 2007-2008 var eitt það glæsilegasta í sögunni. Fjöldi deildarleikja hefur aldrei verið meiri og umfangið á mótahaldinu varð á endanum mun meira en á tímabilinu á undan. Það var ákveðið að stofna 3. deild kvenna í vetur og gekk sú deild vonum framur og vonast er til að áframhald verði á því.

Úrslitakeppnirnar buðu upp á frábæra skemmtun og hafa sjaldan mætt eins margir áhorfendur á blakleiki eins og einmitt þá. Hefðbundin úrslitakeppni var í efstu deildunum en brugðið var á það ráð að hafa úrslitakeppni í 2. deild á Seyðisfirði og gekk sú keppni vel að sögn mótshaldara. Úrslitakeppnin í 3. deild kvenna fór fram í Ólafsvík og mættu þangað 12 lið til keppni. Blakdeild Víkings hafði veg og vanda að skipulagningu í samvinnu við BLÍ og gekk allt saman vel. BLÍ vill þakka Blakdeildum Hugins og Víkings kærlega fyrir aðstöðina með úrslitakeppnirnar.

Það virðist sem svo að æ fleiri dómarnar komist í metorðalistann hjá okkur en þeim sem hafa réttindi til að dæma í efstu deildum hefur fjölgað til muna. Fyrir þetta tímabil fékk Jóhannes Stefánsson landsdómarnaréttindi og von er á því að einn eða tveir til viðbótar komi inn fyrir næsta tímabili. Alþjóðadómarnarnir okkar hafa verið duglegir að dæma á erlendri grundu en það er sérstaklega mikilvægt að Jón Ólafur Valdimarsson fái sína reynslu í dómgaeslu erlendis þar sem hann er ennþá kandidat.

Meira má finna um móta- og dómaramál í skýrslum nefnda hér aftar í skýrslunni.

Árs- og uppskeruhátíð BLÍ var haldin í Þróttaraheimilinu þann 29. mars 2008. Hátíðin tókst mjög vel í alla staði en þema hátíðarinnar voru hattar og höfuðföt. Heiðursgestur átti að vera Kristján L. Möller, samgönguráðherra. Kristján komst því miður ekki vegna veikinda og fyllti Jason Ívarsson í skarðið. Veislustjóri var Gunnlaugur I. Grétarsson sem sá einnig um tónlistina. Verðlaun frá KLM voru veitt til liða ársins í karla- og kvennaflokki og útnefndir voru bestu og efnilegust leikmenn ársins ásamt dómara ársins.

Lið ársins í 1. deild kvenna

- ✓ Stigahæst í uppgjöf: Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir, Þrótti Nes með 30 stig.
- ✓ Uppspilari ársins: Kristín Salín Þórhallsdóttir, Þrótti Nes.
- ✓ Stigahæst í hávörn: Erla Rán Eiríksdóttir, Þrótti Nes með 32 stig.
- ✓ Stigahæsti sóknarmaður: Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir, Þrótti Nes með 131 stig.
- ✓ Best í móttöku: Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir, Þrótti Nes.
- ✓ Besti frelsinginn: Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir, Þrótti Nes.
- ✓ Þjálfari ársins: Apostol Apostolov, Þrótti Nes.

Stigahæsti leikmaður 1. deildar kvenna var Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir, Þrótti Nes með 174 stig. Í öðru sæti var Laufey Björk Sigmundsdóttir, HK með 143 stig og í því þriðja Lilja Jónsdóttir, Þrótti Reykjavík með 115 stig.



Lið ársins í 1. deild karla

- ✓ Stigahæstur í uppgjöf: Piotr Kempisty, KA með 44 stig.
- ✓ Uppspilari ársins: Filip Szewczyk, KA.
- ✓ Stigahæstur í hávörn: Kristján Valdimarsson, KA með 35 stig.
- ✓ Stigahæstur í sókn: Masayuki Takahashi, Þrótti Reykjavík með 260 stig.
- ✓ Bestur í móttöku: Zdravko Demirev, ÍS.
- ✓ Besti frelsinginn: Árni Björnsson, KA.
- ✓ Þjálfari ársins: Michael Overhage, Þrótti Reykjavík.

Stigahæsti leikmaður 1. deildar karla var Masayuki Takahashi, Þrótti Reykjavík með 329 stig. Í öðru sæti var Piotr Kempisty, KA með 275 stig og í því þriðja var Wojtek Bachorski, Stjórnunni með 197 stig.

Besti dómari tímabilsins 2007-2008: Sævar Már Guðmundsson

Blakmaður og kona ársins 2007

Í samvinnu við ÍSÍ valdi stjórn BLÍ blakmann og konu ársins 2007. Blakmaður ársins 2007 var Davíð Búi Halldórsson, leikmaður KA á Akureyri. Davíð Búi var liði sínu mjög mikilvægur á árinu. Hann var kjölfestan í KA-liðinu í úrslitaleik bikarkeppninnar 2007. Að auki skoraði hann flest sóknarstig í deildinni og vann heildarstigakeppnina með yfirburðum á Íslandsmótinu 2007. Davíð Búi var valinn í lið ársins 2007 á uppskeruhátíð BLÍ sem haldin var í lok mars á því ári.

Blakkona ársins 2007 var Miglena Apostolova en hún hefur um árabil verið meðal bestu blakkvenna landsins. Á árinu var hún burðarásinn í íslenska landsliðinu sem sigraði Evrópukeppni smáþjóða og tryggði liðinu þátttökurétt í Evrópukeppni landsliða. Að auki lék hún stórt hlutverk hjá liði sínu, Þrótti Nes sem lék til úrslita um bikarmeistara- og Íslandsmeistaratitla á árinu. Miglena var valin í lið ársins 2007 á uppskeruhátíð BLÍ sem haldin var í lok mars á því ári.

Fjölmiðlar og samskipti

Samskipti við fjölmiðla í landinu voru ágæt á starfsárinu. Þó ber ekki eins mikið á íþróttinni eins og við óskum okkur og hafa verið viðræður um hvernig skuli gera enn betur. Upplýsingaflæði frá

skrifstofu sambandsins var gott þar sem nýja heimasíðan sendir sjálfkrafa út fréttir. Engin bein útsending var á þessu starfsári og lítil sem engin almenn umfjöllun var í þáttum í sjónvarpi. Morgunblaðið greindi þó vel frá ef þeir voru mataðir fréttum og má segja að sá miðill hafi verið hvað duglegastur. DV kom einnig sterkt inn með umfjöllun um blak og var gangsett bloggsíða á síðum DV á netinu sem Lilja Margrét Hreiðarsdóttir hélt utan um. Þar skrifar hún um þá blakleiki sem hún kemst á af mikilli ástríðu og er ánægjulegt að sjá margt af því sem hún skrifar.

Deildin í vetur og úrslitakeppnin sýndi að blak á Íslandi er að eflast. Gæðin eru að aukast, spennan að magnast og liðum að fjölga. Með þetta að leiðarljósi var haldinn fundur með deildarstjóra Íþróttadeildar Sjónvarpsins og gert munnlegt samkomulag um útsendingar frá blakviðburðum í framtíðinni. Þar með var það tryggt að úrslitaleikirnir í bikarkeppni BLÍ verði sýndir í beinni útsendingu í sjónvarpinu og mögulega stærstu deildarleikirnir einnig.

Samskiptin við félögin voru góð en heimasíðan og tölvupóstur eru sterkustu miðlarnir til að miðla upplýsingum til félaganna.

Erlend samskipti

Á árinu var mikið um samskipti við útlönd. Í byrjun september fór Jason Ívarsson á ársþing CEV í Moskvu. Þar var einnig aðalfundur Nevza sem Jason sótti en þar sótti hann munnlega um að halda Norðurlandamót U19 ára á árinu 2008. Í lok september fóru Jason og framkvæmdastjórinn á ársþing SCD í Luxemborg sem var haldinn í tengslum við lokakeppni Evrópumóts kvennalandsliða. Þingið var vel sótt og málefni smáþjóðanna tekin fyrir og rædd. Í byrjun janúar fór Sævar á fund framkvæmdastjóra NEVZA í Strangnas í Svíþjóð. Á þeim fundi var ákveðið að Ísland yrði mótshaldari U19 á árinu 2008 og ákveðið var að búa til hring mótshaldara þannig að Ísland verði mótshaldari 8. hvert ár, á móti Færeyjum.

Alls voru 8 landslið virk á starfsárinu en það eru flest landslið sem Ísland hefur átt í blaki á einu starfsári. Kvennalandsliðið okkar átti besta árangurinn þegar liðið vann Evrópukeppni smáþjóða í Glasgow þann 13. maí 2007. Ísland sendi fjögur landslið á Smáþjóðaleikana í Mónakó í byrjun júní en þar unnu karlarnir einn leik en konurnar engan. Strandblakliðin okkar voru tvö, eitt karlalið og eitt kvennalið en það var í fyrsta skipti sem sent var kvennalið til keppni. Konurnar hömpuðu þriðja sætinu í Mónakó og áttu besta árangurinn af íslensku landsliðinum frá Blaksambandi Íslands.

U17 ára landsliðin fóru til Kuortane í Finnlandi í byrjun september. Liðin áttu síður góðu gengi að fagna en þau töpuðu öllum sínum leikjum. U19 ára liðin kepptu í Stavanger í Noregi síðar í september og var sömu sögu að segja þar með árangurinn.

Kvennalandslið Íslands öðlaðist þátttökurétt í EM landsliða og drógst á móti Makedóníu í fyrstu umferð. Strax var farið að huga að verkefninu í nóvember og voru æfingar strax um jólin. Magnús Aðalsteinsson var ráðinn þjálfari og kom hann til landsins nokkuð oft og var með æfingar. Liðið spilaði tvo leiki við Makedóníu í byrjun maí og tapaði þeim báðum, 3-0 og datt þar af leiðandi úr keppni. Viku eftir leikina spilaði liðið svo í undankeppni EM smáþjóða á Möltu. Liðið tapaði öllum sínum leikjum og endaði í neðsta sætinu og á því ekki möguleika á að verja sinn titil frá því 2007.

Karlalandsliðið byrjaði að æfa í byrjun maí undir stjórn Michael Overhage. Liðið æfir nú af kappi fyrir undanriðil EM smáþjóða sem fram fer á Möltu 6.-8. júní.

Á þessu ári er fyrirhugað að Jason Ívarsson fari á heimsþing FIVB í Dubai um miðjan júní og svo er ársþing CEV haldið í Madrid í lok september.

Fjármál

Velta sambandsins var rúmar 17 milljónir á síðasta ári en tapið í kringum hálfa milljón. Veltan jókst á milli ára og tapið minnkaði frá fyrra ári og er það skref í rétta átt.

Framtíðin

Það er markmið stjórnar BLÍ að halda sem best utan um blakmálin á Íslandi hverju sinni. Stjórn hefur framkvæmdastjóra í fullu starfi til að þjónusta félögin í landinu, sjá um mótamál og heildaryfirsín yfir starfsemi BLÍ. Stuðningur við krakkablakið og unglíngalandsliðin er mikilvægur þáttur í starfi stjórnar og ekki má gleyma því að hlúa að A-landsliðinum.

Grunninn að starfsemi blakhreyfingarinnar leggja félögin í landinu. BLÍ gerir sitt besta í að aðstoða félögin og skapa þeim umgjörð til að starfa eftir. Það fyrsta sem þarf að huga að er umgjörð á blakleikjum og beinum við þeim tilmælum til félaganna að byrja strax í haust að bæta umgjörðina, t.d. með því að horfa á hvern leik sem viðburð sem fólk vill sækja. Með því að auglýsa leiki, vera með kynni á leikjum og veitingasölu er leikurinn strax orðinn meiri viðburður en ella.

Stjórn BLÍ þakkar öllum þeim sem lögðu hönd á plóg á þessu starfsári fyrir vel unnin störf og sendir hvatningarorð út í hreyfinguna um að starfa áfram faglega að hlutunum með það að leiðarljósi að gera betur.

Stjórn Blaksambands Íslands

Skýrsla mótanefndar BLÍ

Störf mótanefndar hófust í júní 2007 þegar óskað var eftir skráningum í Íslandsmót BLÍ 2007-2008. Félagin voru fljót að skrá sig og var hægt að byrja að raða móti í byrjun ágúst í 1. og 2. deild. Drög að niðurröðun leikja var síðan send til félaganna í byrjun september en liðin sem skráðu sig til keppni voru 31 talsins.

Í fyrsta sinn í sögu BLÍ var haldin keppni í 3. deild kvenna. Á haustdögum var ákveðið að keppnisfyrirkomulagið yrði þannig að leikið yrði í tveimur fjölliðamótum, annað fyrir áramót og hið síðara eftir áramót. Í byrjun mars yrði svo úrslitakeppni fyrir öll liðin þar sem spilað var upp á sæti í tveimur riðlum. Alls skráðu 15 lið sig til keppni. Fjögur lið komu af Snæfellsnesi, 1 lið frá Ísafirði, 7 lið af höfuðborgarsvæðinu og þrjú lið á Norðurlandi sem spiluðu í sérriðli. Fyrri mótið var haldið í Mosfellsbæ í lok október og var þá skipt upp í tvo riðla. Riðlarnir héldust á milli mótanna en síðara mótið var haldið á Álftanesi um miðjan febrúar. Veðurofsi þann 8. febrúar gerði það að verkum að fresta þurfti mótinu um eina viku. Það varð til þess að eitt lið dró sig úr keppni. Úrslitamótið var í höndum Blakdeildar Víkings í Ólafsvík og mættu 12 lið til keppni af þeim 15 sem tóku þátt. Tvö efstu liðin frá Norðurlandi mættu ekki til leiks og var því aðeins 1 lið þaðan sem tók þátt. Þrjú efstu liðin úr riðlunum tveimur léku til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn og þrjú neðstu, auk liðsins frá Akureyri léku um sæti 7-12. Mótið þótti heppnast afar vel í Ólafsvík og mætti formaður Blaksambandsins til að afhenda fyrsta bikarinn í Íslandsmóti 3. deildar kvenna.

Alls voru 440 blakleikir í vetur; 352 deildarleikir, 62 bikarleikir og 26 leikir í úrslitakeppni. Þá voru 4 leikir með leikskýrslu í 2. flokki karla og 6 í 2. flokki kvenna.

Haustmót BLÍ

Stjórn ákvað á fundi sínum um miðjan ágúst að veita Dímon rétt til þess að halda haustmót BLÍ árið 2007. Mótið fór fram á Hvolsvelli laugardaginn 29. september og var hið glæsilegasta en 11 kvennalið skráðu sig til leiks og var leikið í 2 deildum. Aðeins voru 4 lið skráð til leiks í karlaflokki. Stjarnan var haustmótsmeistari 2007 í karla flokki og HK varð haustmótsmeistari 2007 í kvennaflokki.

1. deild kvenna

Fjögur lið voru í 1. deild kvenna á keppnistímabilinu og leikin var fjórföld umferð. Fyrstu leikirnir voru háðir 3. nóvember 2007 og síðustu leikir í deild voru 29. mars 2008. Þróttur N, HK, Þróttur

R. og Fylkir léku sín á milli yfir veturinn í 24 leikjum en Fylkir kom inn í deildina á síðustu stundu þegar ljóst var að KA myndi ekki vera með. Deildarmeistarar 2008 í kvennaflokki var Þróttur Neskaupstað.

Lokastaða þann 29.mars 2008

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur	Stigaskor	Nettó	Stig		
1.	Þróttur N.	12	12	0	36	4	992	680	312	36
2.	HK	12	7	5	26	19	991	954	37	26
3.	Þróttur R.	12	5	7	18	24	858	896	-38	18
4.	Fylkir	12	0	12	3	36	644	955	-311	3

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Stigahæsti leikmaður deildarinnar var Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir úr Þrótti Nes með 174 stig en hún var stigahæst í sókn með 131 stig. Stigahæst í hávörn var Erla Rán Eiríksdóttir úr Þrótti Nes með 32 stig og stigahæst í uppgjöfum var Jóna Guðlaug, Þrótti Nes með 30 stig. Yfirlit stiga leikmanna deildarinnar má finna í viðauka aftast í skýrslunni.

Úrslitakeppni kvenna

Leikin var úrslitakeppni í kvennaflokki að Íslandsmóti loknu. Í undanúrslitum í byrjun apríl lék Þróttur N. við Fylki annars vegar og HK við Þrótt Reykjavík hins vegar. Bæði Þróttarliðin unnu viðureignirnar 2-0 og léku því til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn. Úrslitarimman hófst 12. apríl í Neskaupstað og lauk 16. apríl í oddaleik í Neskaupstað að viðstöddum 450 áhorfendum.

Þróttur Neskaupstað hafði betur í fyrsta leiknum gegn nöfnum sínum fyrir austan 3-0. Þróttur Nes kom svo í bæinn tveimur dögum síðar og þá vann Þróttur R 3-1 og þurfti því að leika oddaleik í Neskaupstað. Þróttur Nes vann þann leik í sannkölluðum úrslitaleik, 3-1 og hömpuðu Íslandsmeistaratitlinum. Það var Zaharina Filipova sem tók við bikarnum úr höndum Jasonar Ívarssonar formanns BLÍ að leik loknum.



1. deild karla

Fimm lið voru í 1. deild karla á keppnistímabilinu og leikin var fjórföld umferð. Fyrsti leikurinn var 10. október 2007 þegar Þróttur Reykjavík heimsótti Stjörnuna í Garðabæinn. Síðustu leikirnir voru þann 29. mars 2008. Auk Þróttar R og Stjörnunnar voru KA, ÍS og HK í deildinni og léku liðin alls 40 leiki yfir veturinn. Deildarmeistarar 2008 í karlaflokki var Stjarnan en þetta var sjötta árið í röð sem liðið hampar þessum titli.

Lokastaða þann 29. mars 2008

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur	Stigaskor	Nettó	Stig		
1.	Stjarnan	16	14	2	46	16	1423	1218	205	46
2.	KA	16	11	5	36	18	1220	1131	89	36
3.	Þróttur	16	11	5	35	18	1251	1067	184	35
4.	ÍS	16	3	13	16	40	1130	1312	-182	16
5.	HK	16	1	15	5	46	966	1262	-296	5

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Stigahæsti leikmaður deildarinnar var Masayuki Takahashi, Þrótti Reykjavík með 329 stig en hann skoraði flest stig úr sókn eða 260 stig. Stigahæstir í hávörn voru Kristján Valdimarsson, KA og Masayuki Takahashi, Þrótti Reykjavík, báðir með 35 stig en Piotr Kempisty, KA var stigahæstur í uppgjöfum með 44 stig. Yfirlit stiga leikmanna deildarinnar má finna í viðauka aftast í skýrslunni.

Úrslitakeppni karla

Leikinn var úrslitakeppni í karlaflokki að Íslandsmóti loknu. Í undanúrslitum léku KA og Þróttur R. annars vegar og Stjarnan og ÍS hins vegar. Þróttur R sigraði KA í harðri rímmu í tveimur leikjum 2-0. Fyrri leikinn sigraði Þróttur R 3-0 á útivelli og síðari leikinn 3-2 á sínum heimavelli. Stjarnan og ÍS léku einnig tvo leiki. Stjarnan sigraði 3-0 í Ásgarði og svo 3-1 á heimavelli ÍS tveimur dögum síðar.

Í úrslitum til Íslandsmeistaratitils mættust Stjarnan og Þróttur R. Ljóst var að viðureignin gæti orðið æsisþennandi þar sem um tvö sterkustu liðin var að ræða. Fyrri leikur liðanna endaði 3-1, Stjörnunni í vil. Annar leikur liðanna fór fram á heimavelli Þróttar, í Kennaraháskóla Íslands. Fjölmargir áhorfendur mættu á leikinn og sáu einn besta leik sem hefur verið á Íslandi í mörg ár. Þróttur vann fyrstu tvær hrinurnar og Stjarnan þá næstu tvær þannig að leika þurfti oddahrinu. Hrinan var mjög jöfn og endaði með sigri Þróttar 21-19 og tryggði liðið sér oddaleik á heimavelli Stjörunnar í Ásgarði í Garðabæ. Áhorfendur fylltu pallana í Ásgarði í oddaleiknum og virtist það hjálpa heimaliðinu mikið í leiknum. Stjarnan vann leikinn 3-0 gegn Þrótti og hampaði Íslandsmeistaratitlinum 2008, í sjötta sinn á 7 árum. Vignir Hlöðversson fyrirliði Stjörunnar tók við bikarnum úr höndum Jasonar Ívarssonar formanns BLÍ.



2. deild karla Suður

Fimm lið skráðu sig til leiks í 2. deild karla suðurriðil. Suðurriðillinn fór af stað í byrjun nóvember og lauk þann 27. mars 2008. Fyrirkomulagið var eins og áður hefur verið, tvöföld umferð og leikið heima og heiman. Eftir deildarkeppnina stóðu Hrunamenn uppi sem sigurvegari í riðlinum og Þróttur R 2 komu þar á eftir.

Lokastaðan 27. mars 2008

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur	Stigaskor	Nettó	Stig		
1.	Hrunamenn	8	7	1	23	7	705	603	102	23
2.	Þróttur R 2	8	7	1	21	6	629	552	77	21
3.	Hamar	8	2	6	12	21	695	764	-69	12
4.	Fylkir	8	2	6	11	20	650	695	-45	11
5.	HK2	8	2	6	7	20	560	625	-65	7

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

2. deild karla Austur

Í 2. deild karla fyrir austan skráðu sig 3 lið til keppni, Þróttur N., Huginn og Höttur. Liðin léku 6 leiki frá lok febrúar fram í miðjan mars og varð Þróttur N efsta liðið með 12 stig. Höttur lenti í 2. sæti með 10 stig og þau lið fóru því í úrslitakeppnina.

Lokastaða þann 27. mars 2008

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur	Stig	
1.	Þróttur N	4	4	0	12	5	12
2.	Huginn	6	2	4	11	14	10
3.	Þróttur N	6	1	5	6	17	2

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

2. deild kvenna Suður A

Alls tóku 8 lið þátt í tveimur riðlum í 2. deild kvenna á Suðurlandi, 9 lið í austurriðli og 6 lið í norðurriðli. Riðlarnir hófust í byrjun nóvember og ákveðið að úrslitakeppnin yrði haldin á Seyðisfirði dagana 4.-5. apríl þar sem efstu liðin í riðlunum myndu keppa. Æsispenna var í A riðli á milli HK B og Stjörnunnar en Stjarnan sigraði riðilinn með eins stigs mun.

Lokastaðan þann 27. mars 2008.

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur	Stigaskor	Nettó	Stig		
1.	Stjarnan	6	5	1	16	5	493	410	83	16
2.	HK B	6	4	2	15	11	556	513	43	15
3.	UMFA	6	2	4	10	13	471	497	-26	10
4.	Bresi	6	1	5	5	17	408	508	-100	5

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

2. deild kvenna Suður B

Keppni í B riðli var nokkuð jöfn ef á að skilja undan efsta liðið í riðlinum, Þrótt R C. ÍK hafnaði í 2. sæti riðilsins og Fylkir í því þriðja.

Lokastaða þann 25. mars 2008.

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur	Stigaskor	Nettó	Stig		
1.	Þróttur C	6	6	0	18	4	531	429	102	18
2.	ÍK	6	3	3	14	12	546	538	8	14
3.	Fylkir	6	2	4	9	16	496	548	-52	9
4.	HK Utd.	6	1	5	8	17	488	546	-58	8

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

2. deild kvenna Norður

Á norðurlandi kepptu 6 lið í riðlakeppninni. Völsungur á Húsavík og Rimar á Dalvík voru með ásamt fjórum liðum frá Akureyri. Eikin vann riðilinn með fullt hús stiga en aðeins var keppt upp á tvær unnar hrinur í þessu móti.

Lokastaða þann 17. mars 2008.

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur	Stigaskor	Nettó	Stig		
1.	Eik	10	10	0	20	3	539	401	138	20
2.	Skautar A	10	7	3	16	8	532	405	127	16
3.	KA-FreyjurA	10	6	4	13	10	482	466	16	13
4.	Völsungur	10	4	6	11	13	495	462	33	11
5.	Rimar	10	2	8	5	17	350	509	-159	5
6.	KA	10	1	9	4	18	360	515	-155	4

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

2. deild kvenna Austur

Austurriðillinn samanstóð af 9 liðum á Austurlandi. Þar sem oft og tíðum er langt að fara fyrir austan var ákveðið að hafa riðilinn í mótaformi og voru fjögur tveggja daga mót haldin. Keppt var upp á tvær unnar hrinur í mótunum og var sigurvegari riðilsins Höttur frá Egilsstöðum. Einstök úrslit úr leikjum er því miður ekki hægt að finna aftast í skýrslunni vegna skorts á upplýsingum.

Lokastaða 27. mars 2008.

Sæti	Félag	Leikir	Stig
1.	Höttur 1	24	45
2.	Þróttur 1	24	44
3.	Huginn	24	36
4.	Höttur 2	24	23
5.	Valur	24	17
6.	Leiknir 2	24	13
7.	Þróttur 2	12	16
8.	Sindri	6	9
9.	Leiknir 2	6	2

Úrslitakeppni í 2. deild

Annari deild lauk með úrslitakeppni sem var haldin á Seyðisfirði dagana 4. og 5. apríl 2007. Í karlaflokki mættu lið frá Hetti, Þrótti Nes, Hrunamönnum og Þrótti R 2. Í kvennaflokki mættu efstu liðin úr riðlakeppninni, þ.e. Eikin, Þróttur R C, Höttur og Stjarnan. Spilað var á tveimur völlum og upp á þrjár unnar hrinur með tveimur dómurum í úrslitakeppninni. Að sögn mótshaldara gekk allt vel fyrir sig og litlar tafir urðu á leikjunum. Færðin var engu að síður leiðinleg á mótstað þar sem mikið hafði snjóað dagana á undan.



Í karlaflokki sigraði Þróttur R 2 alla sína leiki og hampaði Íslandsmeistaratitlinum í mótslok. Sömu sögu var að segja af kvenfólkinu frá Þrótti Reykjavíkur. Þær unnu alla sína leiki og töpuðu ekki hrinu í mótinu og hömпуðu Íslandsmeistaratitlinum í 2. deild árið 2008.

Lokastaða þann 5. apríl 2008.

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur	Stigaskor	Nettó	Stig		
1.	Þróttur R2	3	3	0	9	2	263	211	52	9
2.	Þróttur N	3	2	1	8	4	274	250	24	8
3.	Hrunamenn	3	1	2	3	7	225	240	-15	3
4.	Höttur	3	0	3	2	9	215	276	-61	2

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Besti leikmaðurinn í 2. deild karla var valinn af liðunum í keppninni og var sá tilnefndur Þórarinn Ómarsson úr Þrótti Nes.

Lokastaða þann 5. apríl 2008.

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur	Stigaskor	Nettó	Stig		
1.	Þróttur R C	3	3	0	9	0	225	134	91	9
2.	Stjarnan	3	2	1	6	3	200	189	11	6
3.	Höttur	3	1	2	3	7	209	231	-22	3
4.	Eik	3	0	3	1	9	166	246	-80	1

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Besti leikmaðurinn í 2. deild kvenna var valin af liðunum í keppninni og var sú nefnd Natalia Raava, Þrótti Reykjavík.

3. deild kvenna

Í fyrsta sinn var haldin keppni í 3. deild kvenna. Þar tóku 15 lið þátt og var spilað í þremur riðlum. Tveir 6 liða riðlar voru spilaði á mótum, annarsvegar í Mosfellsbæ í október og hinsvegar á Álftanesi um miðjan febrúar. Norðurriðill var spilaður heima/heiman fyrir norðan. Úrslitin í riðlunum voru sem hér segir:

Lokastaða 18. febrúar 2008 riðill 1.

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur	Stigaskor	Nettó	Stig		
1.	Víkingur Ó	10	9	1	18	5	523	382	141	18
2.	UMFG	10	8	2	17	7	547	423	124	17
3.	Stjarnan B	10	7	3	15	7	484	401	83	15
4.	UMFA B	10	3	7	10	15	480	469	11	10
5.	Skellur	10	3	7	8	14	440	469	-29	8
6.	Hvannir	10	0	10	0	20	172	502	-330	0

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Lokastaða 18. febrúar 2008 riðill 2.

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur	Stigaskor	Nettó	Stig		
1.	Reynir	10	9	1	18	4	519	386	133	18
2.	Álftanes	10	7	3	15	7	500	388	112	15
3.	Hamar	10	6	4	12	10	454	434	20	12
4.	Lansinn	10	5	5	10	11	439	444	-5	10
5.	HK C	10	3	7	9	14	442	512	-70	9
6.	Snæfell	10	0	10	2	20	338	528	-190	2

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Lokastaða 18. febrúar 2008 norðurriðill.

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur	Stigaskor	Nettó	Stig		
1.	KA-Freyjur B	8	5	3	11	8	389	397	-8	11
2.	Rimar B	8	4	4	9	9	387	349	38	9
3.	Skautar B	8	3	5	8	11	379	409	-30	8

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Fyrirkomulag á úrslitakeppninni í 3. deild átti að vera þannig að spilaðir yrðu þrjú úrslitariðlar, með 5 liðum í hverjum. Tvö efstu liðin úr riðli 1 og 2 og efsta liðið í norðurriðlinum. Þannig átti að spila



upp á hvert sæti í keppninni. Tvö efstu liðin úr norðurriðlinum ákvað að koma ekki til keppni í úrslitin og því varð að breyta fyrirkomulaginu. Eitt lið úr riðli 1 mætti ekki heldur til keppni og liðin því orðin 12 sem tóku þátt í úrslitamótinu í Snæfellsbæ. Blakdeild Víkinga hélt mótið í samvinnu við BLÍ.

Fyrirkomulagið var því orðið þannig að settir voru upp tveir 6 liða riðlar og spiluðu allir við alla. Þrjú efstu liðin úr riðli 1 og riðli tvö voru í efri

úrslitariðlinum (sæti 1-6). Hin liðin spiluðu í neðri riðli upp á sæti 7-12. Úrslitin voru sem hér segir:

Lokastaða 8. mars 2008 efri riðill, sæti 1.-6.

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur	Stigaskor	Nettó	Stig		
1.	Víkingur Ó	5	4	1	8	3	264	212	52	8
2.	Reynir	5	3	2	7	4	234	218	16	7
3.	Stjarnan B	5	3	2	7	5	254	245	9	7
4.	UMFG	5	3	2	7	5	263	257	6	7
5.	Hamar	5	1	4	3	9	241	279	-38	3
6.	Álftanes	5	1	4	3	9	232	277	-45	3

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Lokastaða 8. mars 2008 neðri riðill, sæti 7.-12.

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur	Stigaskor	Nettó	Stig		
7.	HK C	5	4	1	9	4	273	232	41	9
8.	Snæfell	5	4	1	8	3	242	218	24	8
9.	Skellur	5	3	2	7	6	277	244	33	7
10.	Lansinn	5	3	2	7	6	257	274	-17	7
11.	UMFA B	5	1	4	5	8	254	261	-7	5
12.	Skautar B	5	0	5	1	10	195	269	-74	1

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Þriðja deildin heppnaðist nokkuð vel að mati mótanefndar. Þó var mikil óvissa oft og tíðum um mótshaldið meðal forsvarsmanna liðanna. Það er mikill áhugi fyrir að halda úti þessari keppni og fyrirkomulagið hentar ágætlega. Þó er spurning hvort að ekki ætti að reyna að koma móti fyrir á einum degi í stað tveggja líkt og lagt var upp með í upphafi. Það fer þó allt eftir fjölda liða hvernig deildin muni þróast næsta vetur en leitast verður eftir þátttökutilkynningum mun fyrr á næsta keppnistímabili og reglur þurfa að vera skýrari gagnvart forsvarsmönnum.

Brosbikarinn 2008

Í þriðja sinn var keppt um Brosbikarinn á leiktíðinni. Stjórn BLÍ fékk heimild til þess á síðasta þingi að breyta reglugerð um bikarkeppnina með tilmælum frá þinginu. Stjórn BLÍ skilaði reglugerðinni til félaganna strax um haustið og óskað var eftir umsóknum um að halda fjölleikdamót.

Breytingin fól það í sér að leikið yrði í tveimur riðlum á tveimur fjölleikdamótum, ef nægur þátttökufjöldi fengist í mótin. Fjölleikdamótin áttu þó ekki að líkjast þessum hefðbundnu trimmótum sem tíðkast meðal margra liða heldur að hafa meiri brag yfir sér. Félögin sem fengu mótið áttu að sjá alfarið um framkvæmdina, þ.e. senda upplýsingar til liðanna, sjá um dómgæslu og allt þar fram eftir götunum. BLÍ sá um leikskýrslur og uppsetningu mótsins á vefnum.

Fleiri lið tóku þátt í Brosbikarnum nú í ár en í fyrra um nokkur lið. Í karlaflokki tóku 9 lið þátt og í kvennaflokki voru liðin 8 talsins. Þannig var hægt að setja upp riðlana en röð liðanna á síðasta Íslandsmóti réði röðun liða í bikarkeppninni.

Mótin fóru fram í Reykjavík og á Akureyri. Lið ÍS var mótshaldari fyrsta mótsins en það fór fram í Austurbergi dagana 27. og 28. október 2007. KA sá svo um mótið á Akureyri dagana 1. og 2. febrúar 2008 og réðust úrslit í því móti þannig að tvö efstu liðin í riðlunum komust í undanúrslit.

BLÍ fór svo með framkvæmd úrslitahelgarinnar sem var í Laugardalshöll dagana 15. og 16. mars. Í riðlakeppninni þurfti aðeins að vinna tvær hrinur til að vinna leik en í undanúrslitum og úrslitum var um fullvaxinn leik að ræða.

Lokastaða 2. febrúar 2008, Karlar riðill 1

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur	Stigaskor	Nettó	Stig		
1.	KA	6	6	0	12	1	312	223	89	12
2.	Stjarnan	6	4	2	9	4	307	246	61	9
3.	Hrunamenn	6	1	5	2	10	234	301	-67	2
4.	Hamar	6	1	5	2	10	217	300	-83	2

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Lokastaða 2. febrúar 2008, Karlar riðill 2

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur	Stigaskor	Nettó	Stig		
1.	Þróttur R	8	8	0	16	0	401	215	186	16
2.	ÍS	8	6	2	12	5	377	292	85	12
3.	HK	8	4	4	9	9	377	336	41	9
4.	Fylkir	8	2	6	5	12	326	331	-5	5
5.	UMFG	8	0	8	0	16	93	400	-307	0

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Lokastaða 2. febrúar 2008, Konur riðill 1

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur	Stigaskor	Nettó	Stig		
1.	HK	6	6	0	12	0	302	172	130	12
2.	Þróttur R	6	3	3	6	6	264	245	19	6
3.	Stjarnan	6	3	3	6	6	235	262	-27	6
4.	HK Utd.	6	0	6	0	12	178	300	-122	0

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Lokastaða 2. febrúar 2008, Konur riðill 2

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur	Stigaskor	Nettó	Stig		
1.	Þróttur N	8	8	0	16	0	400	176	224	16
2.	Fylkir	8	4	4	8	8	309	300	9	8
3.	KA	8	0	8	0	16	167	400	-233	0

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Úrslitahelgin í Brosbikarnum fór fram dagana 15. og 16. mars í Laugardalshöllinni. Blakdúkur Blaksambandsins var lagður á höllina að morgni laugardags af framkvæmdastjóra BLÍ, Ólafi Heimi Guðmundssyni, Ólafi Arasyni, Michael Overhage og Mieke Pool. Vil ég þakka þeim sérstaklega fyrir aðstoða. Uppsetning á stórviðburði sem þessum krefst tíma og skipulagningar og gekk allt vel. Fyrsti leikurinn var þó settur á of seint, eða kl. 14.00 en fjórir leikir fóru fram þennan laugardag. Þetta gerði það að verkum að síðasti leikur var ekki búinn fyrr en klukkan var að ganga 11 um kvöldið en á síðasti leikur hófst einum og hálfum tíma á eftir áætlun.

Úrslitaleikirnir voru svo á sunnudeginum og fengu fjölmargir áhorfendur að sjá flotta leiki. Leikirnir voru því miður ekki sýndir í beinni útsendingu þetta árið en bót verður ráðin á því máli á næsta ári.

Undanúrslit kvenna

15.3.2008	kl.14.00	HK-Fylkir	3-1 (25-23, 25-16, 26-28, 25-11)
15.3.2008	kl.15.30	Þróttur R-Þróttur N	2-3 (25-23,18-25,20-25,25-16,12-15)

Undanúrslit karla

15.3.2008	kl. 17.00	Stjarnan-Þróttur R	3-1 (25-20,25-22,20-25,25-18)
15.3.2008	kl. 18.30	KA-ÍS	3-2 (25-18,20-25,18-25,25-19,15-7)

Úrslit í Brosbikar kvenna 2008.

16.3.2008	kl. 14.00	Þróttur N.-HK	3-0 (27-25,25-23,25-18)
-----------	-----------	---------------	-------------------------

Bikarmeistarar Þróttar Nes

Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir, fyrirliði, Iðunn Pála Guðjónsdóttir, Erla Rán Eiríksdóttir, Helena Kristín Gunnarsdóttir, Miglena Apostolova, Zaharina Filipova og Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir. Þjálfari Þróttar Nes: Apostol Apostolov

Úrslit í Brosbikar karla 2008.

16.3.2008	kl. 16.00	Stjarnan-KA	3-1 (21-25,30-28,25-20,25-16)
-----------	-----------	-------------	-------------------------------

Bikarmeistarar Stjörnunna

Vignir Þröstur Hlöðversson fyrirliði og þjálfari, Wojtek Bachorski, Emil Gunnarsson, Hannes Ingi Geirsson, Hlöðver Hlöðversson, Ástþór Hlöðversson, Aleksander Simeonov, Róbert Karl Hlöðversson, Hafþór Breki Bergsson, Alexander Guðbjörnsson, Kristmundur Þórisson, Arnar Smári Þorvarðarson.

Brosbikarhelgin tókst vel að lokum og naut framkvæmdastjóri BLÍ góðra starfskrafta við að rúlla gólfinu upp frá ungum strákum úr HK. Síðan BLÍ fékk að hýsa bikarúrslitaleikina í blaki í Laugardalshöllinni hafði aldrei verið haft fyrir því að vera með veitingasölu. Það var gert nú í fyrsta skipti sem Blakdeild HK sá alfarið um sem og sölu aðgöngumiða á viðburðinn. Það er óumdeilanlegt að hægt er að gera mun betur við skipulagningu svona helgar og hægt að hafa tekjur af sem gætu komið liðunum sem eiga í hlut til góða. Því er mikilvægt að hafa marga sjálfbodaliða að störfum og vil ég þakka öllum þeim sem komu að helginni á einn eða annan hátt fyrir það óeigingjarna starf sem þarna var unnið.

Þegar á heildina er litið með mótahaldið veturinn 2007-2008 má segja að þetta hafi komið betur út en veturinn á undan. Minna var um tilfæringar leikja en áður og allt var mjög skýrt frá upphafi vetrar. Þó svo að þriðja deildin hafi verið stofnuð seint og henni komið í gang í hveli má segja að það mót hafi gengið nokkuð hnökralaust fyrir sig. Þó varð einu sinni uppi fótur og fit þegar fresta þurfti heilu móti vegna veðurofsa sem buldi yfir landinu. Mótið fór svo fram helgina eftir og aðeins eitt lið þurfti að gefa sína leiki.

Úrslitakeppnirnar í öllum mótum tókust mjög vel og fengum við að sjá gott blak í flestum tilfellum. Spennan var mikil í 3. deild kvenna t.a.m. og úrslitaleikirnar í bikarnum voru báðir frábærir á að horfa. Síðast en ekki síst voru úrslitin í Íslandsmótinu ótrúlega flott í ár og greinilega var mikill áhugi til staðar hjá flestum að horfa á enda voru yfirleitt áhorfendabekkir þétt setnir yfir stærstu leikjunum.

Á Ísafirði og í nágrenni var haldið 33. Öldungamót BLÍ þar sem 292 leikir fóru fram á sex völlum yfir þrjá daga. Mótið var í höndum Skellanna þetta árið og tókst með afbrigðum vel. Alls fóru 11 dómarafrá BLÍ til að dæma í mótinu sem komu úr Reykjavík og frá Akureyri. Undirritaður var yfirdómari mótsins og sá um skipulagningu dómgæslunnar í góðu samstarfi við mótshaldarann. Flestir voru ánægðir með útkomu mótsins enda mikið stuð þegar blakarar koma saman á öldungamótum.

Sævar Már Guðmundsson, framkvæmdastjóri og formaður mótanefndar BLÍ

Skýrsla dómaranefndar BLÍ

Starfsemi dómaranefndar var eins háttáð og seinustu tvö keppnistímabil. Fyrst er athugað hvaða dómarafrá vegum BLÍ eru reiðubúnir að gefa kost á sér í dómgæslu fyrir tímabil, hvaða daga þeir eru forfallaðir frá dómgæslu og hvað þeir eru reiðubúnir að dæma mikið. Formaður mótanefndar og framkvæmdastjóri raðar síðan dómurum á leiki út frá þessum upplýsingum í samráði við formann dómaranefndar og niðurröðun gerð með hans samþykki þegar dómarafrá hafa staðfest sína leiki. Dómaranefnd BLÍ þetta keppnistímabil var óbreytt frá fyrra tímabili þannig að undirritaður, Jón Ólafur Valdimarsson, var formaður nefndarinnar og Sævar Már Guðmundsson framkvæmdastjóri BLÍ var starfsmaður og meðstjórnandi í nefndinni. Enginn formlegur fundir var haldinn hjá nefndinni, aðeins óformleg samskipti í formi tölvupósta, símtala og þegar viðkomandi aðilar hittust við ýmis tilefni.

Einn dómara- og ritarafundur var haldinn 4. október 2007 á vegum nefndarinnar og stýrði formaður nefndarinnar honum. Sæmileg mæting var á fundinn en samt vantaði nokkra lands- og héraðsdómara á höfuðborgarsvæðinu á hann sem og dómara utan höfuðborgarsvæðisins. Þetta var nokkurs konar samráðsfundur milli dómara þar sem farið var yfir ákveðin túlkunaratriði varðandi

leikreglur, ritun leiksýrslu og dómgæslu og öllum gefið tækifæri á að koma með fyrirspurnir varðandi þau atriði sem þeim fannst óljós varðandi dómgæslu og málum tengd starfsemi dómara á vegum BLÍ. Gert er ráð fyrir að dómara- og ritarafundur verði árlega að hausti fyrir keppnistímabil.

Sama greiðslufyrirkomulag var fyrir dómgæsluna og sett var á seinasta keppnistímabil, þ.e. BLÍ greiðir dómurum í 2 greiðslum fyrir deildina og fyrir úrslitakeppni bikarkeppninnar en liðin sjálf greiða fyrir dómgæslu í úrslitakeppninni. Á fundinum kom fram mikil óánægja hjá dómurum varðandi greiðsluupphæðina fyrir dómgæslu hvers leik, sem er nú 3.000 kr. og hefur verið óbreytt í nokkur ár, sérstaklega ef miðað er við aðrar boltaþróttagreinar. Sérstaklega í ljósi þess að tíminn sem fer í dómgæslu á leik sé 2 til 3 klst og er þetta kvöld- og/eða helgartími.

Það er því algjör krafa frá dómaranefnd að greiðsla fyrir dómgæslu í leik á vegum BLÍ verði 5.000 kr. næsta tímabil svo að hún sé eitthvað í samræmi við aðrar boltagreinar og þann tíma og akstur á eigin bílum sem dómara leggja á sig. Annars má búast við að margir reyndir dómara landsins muni hætta.

Með því að hækka greiðslu fyrir dómgæsluna verður auðveldara að fá dómara til að taka að sér leiki, fá nýja dómara inn í stéttina auk þess sem meiri kröfur megi gera á dómara og dómgæslu þeirra.

Almennt gekk vel að manna dómgæslu á leiki á vegum BLÍ þetta tímabil og ég minnst ekki að dómgæsla hafi klikkað á leik í vetur en af og til hefur það komið fyrir undanfarin ár. Var dómaramannskapurinn nær sá sami og var starfandi seinasta keppnistímabil. Aftur á móti þurfti yfirleitt að senda dómara í 1. deildarleiki, bæði á Akureyri og í Neskaupstað sem og á suðurlandið í 2. deild, Hveragerði og Flúðir, þar sem eldri landsdómara þar hafa hætt störfum eða telja sig ekki í nógu góðri þjálfun fyrir dómgæslu í efstu deild. Einnig eru margir hinir nýju héraðsdómara þar enn ekki tilbúnir í að dæma þá leiki.

Eitt dómaranámskeið var haldið á vegum nefndarinnar þetta tímabil. Var það haldið í júní 2007 fyrir úrtakshóp unglingslandslið karla og kvenna U17 og U19 í blaki í Garðabæ. Tilgangurinn með námskeiðinu var að koma þeim almennilega inn í leikreglur blaksins sem og að þau geti dæmt á yngriflokka- og öðrum hraðmótum í framtíðinni. Svo er aldrei að vita að einhver af þessum krökkum muni leggja dómgæsluna fyrir sig en það er mun algengara erlendis að dómara einbeiti sér nær einugis að dómgæslunni en séu ekki einnig leikmenn í deildinni á sama tíma og þeir dæma í sömu deild. En hér er það smæð þjóðarinnar og íþróttarinnar sem veldur því. Alls tóku 34 manns prófið og það voru 13 manns sem náðu einkunninni 7 og yfir og fengu þar með dómarskírteini frá BLÍ og héraðsdómara réttindi. Aðeins 7 voru með einkunnina 5 til 6.5 og 14 voru með einkunn undir 5. En þetta voru aðilar á aldrinum 14 til 19 ára og því alveg frá byrjendum í fólk með nokkra landsleiki að baki þannig að það mátti búast við þessari einkunnardreifingu. Dómaranefndin mun síðan skoða dómaranámskeiðsþörfina í haust þegar næsta tímabil hefst í blakinu varðandi hvort, þá hve mörg og hvar dómaranámskeiða sé þörf.

Alls þurfti að raða niður dómurum á 450 leiki sem voru á vegum BLÍ og gekk það yfirleitt ágætlega fyrir sig þó að eitthvað væri um að upphaflegir dómara á leikjum forfölluðust en það fundust ávallt dómara í staðinn með mismikilli fyrirhöfn þó sem gerði það að verkum að sumir dómara voru virkari í dómgæslunni en aðrir. Sumir dómara voru þó búnir að gefa það út að þeir gætu eitthvað takmarkað dæmt þennan vetur vegna ýmissa ástæðna. Til þess að dæma þessa 450 blakleiki í öllum landshlutum hafði dómaranefnd BLÍ aðgang að 14 héraðsdómurum og 12 landsdómurum (sjá nöfn og fjölda dæmdra leikja í viðauka). Sumir af okkar dómurum eru enn að spila svo erfitt getur að manna störf dómara þegar margir leikir eru í gangi. Einnig sökum þessa að

margir dómara eru leikmenn, þjálfarar eða stjórnarmenn tiltekinna liða að þá getur oft verið erfitt að finna hæfa dómara sem teljast með öllu hlutlausir í tiltekna leiki eftir aðstæðum en það er trú nefndarinnar BLÍ að allir dómara dæma eins og á að dæma eftir reglum blaksins óháð því hvort þeir tengjast viðkomandi liðum eða ekki.

Alþjóðablakdómara okkar Leifur Harðarsson og ég undirritaður Jón Ólafur Valdimarsson dæmdu þónokkuð á erlendri grundu þetta tímabil og þá sérstaklega Jón Ólafur. Jón Ólafur dæmði 3 leiki á vegum Evrópublaksambandsins (CEV) í úrslitakeppni Evrópumóts smáþjóða kvenna í blaki sem fór fram í Glasgow 11. – 13. maí 2007. Hann dæmði einnig 6 leiki á smáþjóðaleikunum í Mónakó 3. – 9. júní 2007 á vegum BLÍ. Þann 6. október 2007 átti merkilegur atburður sér stað, sem reyndar fór mjög lítið fyrir, en þá í fyrsta skiptið í íslenskri blaksögu dæmði íslenskt dómara skipað af CEV Evrópuleik í blaki. Leikurinn var í Belfast Norður-Írlandi milli University of Ulster og Lasa-R Riga í Evrópukeppni meistara liða karla 1. umferð. Var Leifur aðaldómari og Jón Ólafur aðstoðardómari í þessum leik. Jón Ólafur var síðan annar dómara í undanriðli í Evrópukeppni U-20 karla í Danmörku daganna 3.-5. janúar 2008 og dæmði þar 3 leiki. Loks dæmði Jón Ólafur 3 leiki í riðli Evrópumóts smáþjóða kvenna í blaki sem fram fór á Möltu daganna 16.-18. maí 2008. Leifur mun síðan dæma á sama móti karla daganna 6.-8. júní 2008 og verður einnig á Möltu.

Að lokum vil ég hvetja leikmenn allra deilda, þjálfara og aðra forsvarsmenn liða að renna reglulega yfir leikreglurnar í blaki svo menn hafi sem bestan skilning á þeim þegar keppt er og séu því vel meðvitaðir um ákvarðanir dómara hverju sinni. Einnig er mikilvægt að leikmenn og þjálfarar viti hvernig samskipti þeirra sé háttáð við dómara í leikjum. Það sama á við um dómara að halda sér ávallt við efnið og rifja reglulega upp leikreglurnar enda er það þeirra að kunna þær 100%. Engar alvarlegar formlegar athugasemdir bárust nefndinni er tengjast óánægju varðandi dómgæslu í vetur og enginn dómari kvartaði formlega út af framkomu leikmanna eða liða í sinn garð. Það er von dómara nefndar að gæði blaks og blakdómgæslu muni ávallt aukast á komandi árum og er það markmið nefndarinnar að stuðla að góðri dómgæslu og umgjörð kringum hana á mótum BLÍ. Einnig vil ég í leiðinni að minna félög á að þau eiga að tilnefna 2 dómara sem dæma fyrir þeirra hönd fyrir hvert keppnistímabil.

Læt þetta nægja í bili og vil ég fyrir hönd dómara nefndar BLÍ færa öllum þeim sem dæmdu í okkar nafni í vetur bestu þakkir fyrir þeirra framlag.

Virðingarfyllst,

Jón Ólafur Valdimarsson

Formaður dómara nefndar BLÍ keppnistímabilið 2007 – 2008

Þinggerð Öldungarþings 2008

33. Öldungarþing 2008

Haldið í Edinborgarhúsinu, Ísafirði

01.05.08 kl. 21.30

DAGSKRÁ:

1. Þingsetning
2. Tillögur að breytingum á fyrirkomulagi öldungamóta
3. Öldungur næsta öldungamóts valinn
4. Önnur mál

1. Ásdís Birna Pálsdóttir öldungur setur þingið og býður alla velkomna og stingur upp á Kristjáni G. Jóakimssyni sem fundarstjóra og Sigrúnu Sigvaldadóttur sem fundarritara. Það er samþykkt.

Kristján tekur við fundinum, þakkar traustið og fer yfir fundarsköp. Talar um hvort fundurinn sé rétt boðaður.

Rætt er um tillögur og skrifleg umboð. Ákveðið að allir þurfi að skila skriflegu umboði til að fara með atkvæði annarra. Umboðum var skilað og öldungaráð ásamt Ásdísi Birnu fara yfir umboð og fjölda þátttakenda.

Til breytinga á reglugerð um öldungarþing þarf 2/3 atkvæða og 40% af fjölda þátttökuliða sem voru 94 á þessu móti þannig að þurfi 38 lið til að fundurinn gæti kosið um tillögur en einungis var mætt fyrir 33 lið svo stungið var upp á að flytja lið 2 aftur fyrir lið 3 til að biða eftir fleiri þingfulltrúum en leikjum hafði seinkað verulega. Það var samþykkt með 24 atkvæðum gegn 4.

3. Umsóknir um næsta öldungamót.

a. **Þróttur Reykjavík.** Þróttur sækir um að sjá um næsta mót og halda það í Vestmannaeyjum. Öldungur yrði Harald Ísaksen. Jón Ólafur Valdimarsson formaður blakdeildar Þróttar kynnir málið.

b. **Huginn á Seyðisfirði og Höttur á Egilsstöðum** sækja um að halda næsta mót á þessum tveimur stöðum. Margrét Vera Knútsdóttir kynnir þeirra umsókn. Hún yrði öldungur mótsins

c. **Ungmennafélagið Afturelding.** Guðrún Kristín Einarsdóttir formaður blakdeildar Aftureldingar kynnir þeirra mál. Hún yrði öldungur mótsins. En Afturelding verður 100 ára á næsta ári.

Samþykkt með lófaklappi að visa umsóknunum til öldungaráðs.

Þegar hér var komið hafði ræst úr mætingunni, fulltrúar 41 liða mættir og því hægt að afgreiða tillögur um lagabreytingar.

2. Tillögur bornar fram.

Sigurður Arnar Ólafsson fylgir sínum tillögum úr hlaði. Fyrir 2 árum voru felld úr lögnum takmarkanir á þátttöku leikmanna 1. deildar Íslandsmóts BLÍ. Aðallega til að styðja við 1. deildina en það hafði borið við að leikmenn neituðu að taka þátt þar og missa þar með réttinn til að leika á öldungamóti. Þær 3 tillögur sem lagðar eru fram fjalla allar um það sama en

ganga mislangt. Tillaga Harald Isaksen gengur lengst. Mikil umræða er um þessi mál. Harald vill meina að ef leyfa eigi 1. deild að spila með, þurfi að breyta 1. grein laga um öldungamót. Bent er á að þá mættu þeir ekki heldur spila sem eru í 2. og 3. deild. KA-A kemur með breytingartillögu við tillögu 2. Allar tillögur ásamt breytingartillögu fylgja með fundargerðinni.

Fundarstjóri ber fyrst fram tillöguna frá Harald Isaksen Þrótti Reykjavík.
Tillaga um að leikmenn 1. deildar Íslandsmótsins verði að vera 35 ára á árinu eða eldri.
Tillagan felld með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

Tillaga um einn leikmann 30-34 ára
Tillagan felld með öllum greiddum atkvæðum gegn tveimur.

Tillaga um tvo leikmenn 30-34 ára ásamt breytingartillögunni um að þeir megi aðeins leika í 1. deild öldungamóta.
Tillagan felld með 63 atkvæðum gegn 51. Tekið var tillit til skriflegra umboða.

Tillaga um tvo leikmenn 30-34 ára.
Tillagan felld með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga um viðbót við 10. grein í þriðja kafla sem fjallar um öldungaping.
Sigurður Arnar útskýrir tillöguna. Jóni Ólafi finnst að standa eigi forsvarsmáður en ekki 4 leikmenn. Ýmsir ræða netkosningu en bent er á að þá yrðu ekki sömu umræður um málin. Ein bendir á að hægt sé að opna spjallvef til umræðna fyrir mótin.
Tillagan að lokum borin upp breytt og hljóðar þá svona: (viðbót) *Lið getur framselt atkvæði sín til öldungapings til einstaklings í öðru liði eða einstaklings í öðru félagi. Framsalið skal vera skriflegt og undirritað af forsvarsmanni viðkomandi liðs. Á framsali kemur fram: dagsetning framsals, frá hvaða liði framsalið er, til hvaða einsaklings framselt er og í hvaða liði sá aðili er.*
Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Önnur mál.
Sigurður Arnar Ólafsson kynnir umsókn frá Blakdeild KA vegna móts 2010

Hörður Júlíusson kynnir umsókn frá Blakklúbbunum Hyrnunni og Súlunni á Siglufirði vegna móts 2010

Ásdís Birna Pálsdóttir kemur með tillögu um að slíta þinginu enda orðið áliðið. Það er samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri gefur Ásdísi Birnu Pálsdóttur orðið. Hún þakkar fulltrúum fundarsetuna, bendir á að nú taki Margrét og Baldur við og spili fyrir dansi og slitur 33. öldungapingi BLÍ

Þingi lauk um 23.30

Fundarstjóri:

Fundarritari:

Kristján G. Jóakimsson

Sigrún Sigvaldadóttir

Skýrsla yngriflokkanevndar BLÍ

Störf nefndarinnar hófust í lok ágúst þegar fyrsti fundurinn var haldinn. Sævar Már Guðmundsson stjórnaði fundinum og í nefndinni sátu Viðar Gylfason, Guðrún Kristín Einarsdóttir og Baldur Tumi Baldursson. Á fundinum var farið yfir umsóknir um að halda yngriflokkamót og ákveðið að mótin færu fram 9.-11. nóvember í Neskaupstað og 18.-20. apríl í Mosfellsbæ. Einnig var ákveðið að 2. flokkur myndi vera eins og árið á undan, þ.e. spilað heima og heiman en síðustu leikirnir yrðu á síðara yngriflokkamótinu.

Krakkablak

Markmið nefndarinnar er vissulega útbreiðsla á íþróttinni og einkum og sér í lagi á krakkablaki. Útbreiðslustarfið hófst strax í ágúst þegar framkvæmdastjóri BLÍ og Viðar Gylfason fóru á norðanverða vestfirði. Þar var haldið námskeið fyrir blakfélagið Skellur og gerður krakkablakssamningur. Viðar hitti svo íþróttakennara á Ísafirði og í nágrenni og kynnti þá fyrir íþróttinni sem gekk mjög vel.

Upp frá þessari heimsókn byrjuðu Skellurnar með krakkablak í flestum bæjarkjörnum fyrir vestan og hefur það gengið vonum framur að eigin sögn. Það eru jákvæð tíðindi fyrir hreyfinguna í heild sinni og vonast er til að lið að vestan komi á Íslandsmót á næsta leiktímabili.

Hilmar Sigurjónsson og Sigurður Arnar Ólafsson héldu áfram með kynningar á krakkablaki í grunnskólum á Akureyri sem gengu nokkuð vel. Sigurður Arnar Ólafsson heimsótti svo vestfirðina að nýju í marsmánuði og hélt þar kynningar fyrir krakkana og fullorðna spilara og hafði það mikið að segja fyrir framhaldið í starfinu þar.

Íslandsmót BLÍ

Í upphafi starfs nefndarinnar kom inn á borð samræming á reglum um leikjafyrirkomulag á Íslandsmóti yngriflokka. Fastar reglur voru settar á fundinum um hvernig flokkarnir ættu að spila:

5. flokkur A liða:	4. stig á báðum mótunum
5. flokkur B liða:	3. stig haust og 4. stig vor
5. flokkur C liða:	3. stig á báðum mótunum
5. flokkur D liða:	3. stig á báðum mótunum
4. flokkur	4. stig á báðum mótunum

Aldursflokkabreyting var einnig sett föst þannig að einu ári var bætt við 3. flokk og 2. flokk. Þeir sem verða 17 ára á árinu mega því keppa með 3. flokki á vormótinu og þeir sem verða 20 ára á árinu mega keppa með 2. flokki á vormótinu.

Fyrirhugað var að halda þjálfararáðstefnu í haust en því miður fannst aldrei tími til þess. Það er von nefndarinnar að hægt verði að halda slíka ráðstefnu með næsta hausti til þess að spjalla um þjálfunaraðferðir og byggja þannig framtíðarblakara upp saman.

Þátttaka í Íslandsmóti yngriflokka var nokkuð góð á tímabilinu. Í Neskaupstað kepptu 61 lið í 3.-5. flokki og í Mosfellsbæ voru liðin 65 talsins. Þar var einnig keppt í 6. og 7. flokki en átta lið tóku þátt. Fimm lið kepptu svo síðustu leikina sína í 2. flokki karla og kvenna í Íslandsmeistarar krýndir í 2. – 5. flokki. Jason Ívarsson, formaður BLÍ og Sævar Már Guðmundsson framkvæmdastjóri BLÍ afhentu verðlaunin.

Mótin voru vel skipulögð í alla staði og ber að þakka Þrótti Nes og Aftureldingu fyrir vel unnin verk í kringum mótin. Undanfarin ár hefur viðhafst sú venja að hver og einn þátttakandi í mótunum

fái mótsgjöf, eitthvað sem gæti nýst við blakiðkunina. Þennan vetur fengu krakkarnir skótösku að gjöf í Neskaupstað og blakbolta í Mosfellsbæ og var mikil ánægja með gjafirnar meðal krakkanna.

Úrslit Íslandsmótsins

Hér á eftir koma samanlögð úrslit yfir veturinn í 2.-5.flokki.

Lokastaða þann 20.apríl 2008 2. flokkur karla

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur	Stigaskor	Nettó	Stig		
1.	KA	4	3	1	10	3	303	252	51	10
2.	HK	4	1	3	3	10	252	303	-51	3

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Lokastaða þann 20.apríl 2008 2. flokkur kvenna

Sæti	Félag	Leikir	U	T	Hrinur	Stigaskor	Nettó	Stig		
1.	Þróttur N	4	4	0	12	3	356	273	83	12
2.	HK	4	1	3	7	10	332	344	-12	7
3.	Þróttur R	4	1	3	5	11	288	359	-71	5

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Lokastaða þann 20.apríl 2008 3. flokkur karla

Sæti	Félag	Leikir	Hrinur	Stigaskor	Nettó	Stig		
1.	HK	12	24	1	613	365	251	24
2.	UMFG	12	19	7	584	422	162	19
3.	Afturelding	12	16	8	565	425	140	16
4.	Stjarnan	12	14	11	558	437	121	14
5.	Vík-Reynir	12	13	12	522	482	40	13
6.	Þróttur Nes	12	13	13	540	430	110	13
7.	Dímon	12	10	16	453	557	-104	10
8.	Afturelding B	11	9	16	428	497	-69	9
9.	KA	11	5	19	344	510	-166	5

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Lokastaða þann 20.apríl 2008 3. flokkur kvenna

Sæti	Félag	Leikir	Hrinur	Stigaskor	Nettó	Stig		
1.	KA	10	19	4	522	380	142	19
2.	Þróttur Nes	10	18	3	496	275	221	18
3.	HK	10	18	5	515	372	143	18
4.	Stjarnan	10	13	8	471	425	46	13
5.	Þróttur Nes b	8	8	9	364	328	36	8
6.	Vík-Reynir 1	8	7	10	340	338	2	7
7.	UMFG	8	5	13	306	372	-66	5
8.	Bjarmi Rauður	8	4	13	263	391	-128	4
9.	HK B	8	3	15	267	419	-152	3
10.	Vík-Reynir 2	4	1	8	159	207	-48	1

Úrslit einstakra leikja má finna í viðauka aftast í skýrslunni

Lokastaða þann 20.apríl 2008

4. flokkur pílta A liða

Sæti	Félag	Stig
1.	Vík-Reynir	20
2.	HK	12
3.	Stjarnan 1	7
4.	Sindri A	2

4. flokkur pílta B liða

Sæti	Félag	Stig
1.	Dímon B	18
2.	Vík-Reynir 2	17
3.	UMFG	10
4.	Afturelding	0

4. flokkur stúlkna A liða

Sæti	Félag	Stig
1.	Dímon Freyjur 1	15
2.	Þróttur Nes-a	14
3.	KA-a	9
4.	Vík-Reynir gulir	4
5.	Bjarmi gulur	3

4. flokkur stúlkna B liða

Sæti	Félag	Stig
1.	Stjarnan	22
2.	Vík-Reynir Blár	16
3.	Þróttur Nes-b	14
4.	HK	11
5.	Dímon Fjólur B	10
6.	KA-b	9
7.	Bjarmi blár	4

5. flokkur A liða

Sæti	Félag	Stig
1.	KA-A	19
2.	Þróttur N – A	14
3.	HK-A	7
4.	Bjarmi grænn	4

5. flokkur B liða

Sæti	Félag	Stig
1.	Dímon tígull	15
2.	Dímon hjarta	14
3.	UMFG b	11
4.	KA-B	10
5.	Afturelding	9
6.	Afturelding-a	8
7.	UMFG-B	6
8.	Vík-Reynir	3
9.	HK-B	0

5. flokkur C liða

Sæti	Félag	Stig
1.	Vík-Reynir 1	16
2.	Dímon Spaði C	11
3.	Þróttur R 4.fl.	9
4.	Stjarnan	6
5.	Þróttur R	2

Úrslit leikja má sjá í viðauka.



Myndin er tekin á yngriflokkamóti í Mosfellsbæ, apríl 2008.

Hæfileikabúðir BLÍ

Hæfileikabúðir BLÍ fóru fram í Snæfellsbæ dagana 22.-24. febrúar. Þetta er árlegar búðir sem eru ætlaðar þeim sem vilja ná enn meiri árangri í blaki og eru fyrir krakka á aldrinum 13-17 ára. Alls tóku 94 krakkar þátt í búðunum sem er u.þ.b. 20 krökkum fleiri en í fyrra. Hæfileikabúðir eru skipulagðar af yngriflokka- og unglingalandsliðsnefnd.

Búðastjóri þetta árið var Viðar Gylfason, þjálfari í Snæfellsbæ. Aðalþjálfarar búðanna voru þeir Michael Overhage (stelpur) og Murilo Goulart (strákar). Þeim til aðstoðar voru Ásta Gylfadóttir, Hilmar Sigurjónsson, Giorgio Klock, Reynir Árnason og Alexander Stefánsson. Framkvæmdastjóri BLÍ var einnig í búðunum og hjálpaði ef á þurfti að halda.

Fjöldi fólks kom að framkvæmd búðanna og ber þar hæst að nefna hana Vilborgu Lilju Stefánsdóttur sem sá um mötuneytið og allt stúss í kringum svefnstaðinn sem var grunnskólinn í Ólafsvík. Foreldrar í Blakdeild Víkings hjálpuðu mikið til og ber að þakka þeim sérstaklega fyrir vaska framkomu og góð störf.

Krakkarnir mættu í búðirnar á föstudagskvöldi og hófust æfingar strax. Síðan var æft á laugardagsmorgni og tekið sér hlé þangað til seinni partinn. Í hléinu fengu krakkarnir fyrirlestur frá Friðgerði

Jóhannsdóttur, hjúkrunarfræðingi sem talaði við þau um sjálfsstyrkingu, markmiðasetningu og næringarfræði. Um kvöldið var svo æft meira í íþróttahúsinu. Á sunnudeginum voru venjulegar æfingar um morguninn og svo spil eftir hádegi og lauk dagskránni með hópmyndatöku um kl. 15.30.

Yngriflokkanefndin vill þakka þeim sem stóðu að búðunum sérstaklega fyrir góð störf í þágu hreyfingarinnar. Krakkarnir fengu hrós fyrir góða umgengni í íþróttahúsinu og var stjórnin í mötuneytinu einnig ánægð með hegðunina í matsalnum.



Mynd tekin að loknum hæfileikabúðum BLÍ

Lokaorð

Framkvæmdastjóri BLÍ var forsvarsmaður fyrir yngriflokkanefndina í vetur og sá þar af leiðandi um að stýra henni. Mótahaldið gekk nokkuð vel fyrir sig að mati nefndarinnar og hæfileikabúðirnar einnig. Útbreiðslustarfið þarf að bæta til muna sem og leit að styrktaraðilum fyrir útbreiðslu almennt.

Þegar horft er til framtíðar í málum yngriflokkanna er sólin að glenna sig. Liðum hefur fjölgað undanfarin ár og má sjá t.d. fjölda í 3. flokki sem aldrei áður hefur sést. Það er von Blaksambandsins í heild sinni að þessir krakkar haldist inni og byggi í leiðinni upp sterka meistaraflokka á fleiri stöðum. Það er því ljóst að það framtak sem átti sér stað á árunum 2002-2003 er að skila sér, og mun skila sér í náinni framtíð.

Sævar Már Guðmundsson, forsvarsmaður YFN BLÍ

Unglingalandsliðsnefnd BLÍ

Nokkrir fundir voru haldnir í unglíngalandsliðsnefndinni á síðasta starfsári, yfirleitt voru þetta símafundir þar sem nefndarmenn eru víða um landið, höfum reynt að hafa fulltrúa á þeim stöðum þar sem leikmenn eru.

Unglingalandsliðin 2007

Í fyrra haust gekk vel að fá ráða þjálfara fyrir U-17 og U-19 kvk og kk. Skipulagningin æfingabúðir og ferðir þeirra á Norðurlandamótin síðasta haust gekk vel. Í upphafi vertíðar voru haldnar æfingabúðir þar sem fór fram forval í hópana. U-17 hópurinn fór síðan til Finnlands 6.-9. september á sitt Norðurlandamót og U-19 hópurinn til Noregs 20.-24. september á sitt mót.

Leikmenn unglíngalandsliðanna 2007

<u>U 17 Stúlkur</u>		<u>U17 Drengir</u>	
Nafn	Félag	Nafn	Félag
Alda Dís Arnardóttir	Vík-Reynir	Alexander Stefánsson	HK
Auður Anna Jónsdóttir	KA	Andreas Hilmir Halldórsson	HK
Birta Björnsdóttir	HK	Arnór Snær Guðmundsson	Afturelding
Bríet Ósk M. Hjörvarsdóttir	Þróttur N.	Aron Bjarnason	Þróttur R
Guðrún Margrét Jónsdóttir	HK	Árni Björnsson	KA
Helena Kristín Gunnarsdóttir	HK	Guðmundur S.Stefánsson	HK
María Gunnarsdóttir	HK	Guðmundur Haraldsson	UMFG
Stefanía Rut Reynisdóttir	HK	Kolbeinn Baldursson	HK
Steinunn Helga Björgólfsdóttir	HK	Ingólfur Hilmar Guðjónsson	HK
Una Margrét Heimisdóttir	KA	Jóhann Eiríksson	Vík-Reynir
Erla Rán Eiríksdóttir	Þróttur N.	Orri Þór Jónsson	HK
		Ólafur Hlynur Illugason	Vík-Reynir
Magnús Aðalsteinsson	þjálfari	Marek Bernat	þjálfari
Fríða Sigurðardóttir	fararstjóri	Viðar Gylfason	fararstjóri
<u>U19 Stúlkur</u>		<u>U19 Drengir</u>	
Nafn	Félag	Nafn	Félag
Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir	Þróttur N.	Andri Már Sigurðsson	KA
Velina Apostolova	HK	Hilmar Sigurjónsson	KA
Erla Rán Eiríksdóttir	Þróttur N.	Kristján Valdimarsson	KA
Sæunn Skúladóttir	Þróttur N.	Ólafur Jóhann Júlíusson	HK
Una Margrét Heimisdóttir	KA	Valgeir Valgeirsson	KA
Theódóra Th.Þórarinsdóttir	HK	Alexander Stefánsson	HK
Kristín Salín Þórhallsdóttir	Þróttur N.	Hafsteinn Valdimarsson	KA
Sædís Alda Karlsdóttir	Vík-Reynir	Jóhannes Stefánsson	HK
Steinunn Helga Björgólfsdóttir	HK	Ólafur Arason	HK
Elfa Björk Kristjánsdóttir	KA	Reynir Árnason	HK
		Árni Björnsson	KA
		Orri Þór Jónsson	HK
Magnús Aðalsteinsson	þjálfari	Marek Bernat	þjálfari
Auður Hauksdóttir	fararstjóri	Stefán Jóhannesson	fararstjóri

Mikil umræða hefur líka verið um fjármál BLÍ og þykir okkur þau ekki vera í góðu lagi. Það verður alltaf erfiðara fyrir þessa krakka að safna nægum peningum til að kosta ferðir sínar á

Norðurlandamótin og gæti verið að við hefðum misst einhverja út af þeim ástæðum. Þetta þarf að laga og reyna að fá inn trausta bakhjarla fyrir sambandið.

Æfingabúðir

Hingað til hafa þær verið fjórum sinnum á sumri og hefur verið byrjað á föstudagskvöldi og endað seinnipart á sunnudegi. Það hefur verið boðið upp á fæði og gistingu þessar helgar og hefur komið vel út, hins vegar viljum við breyta til á þessu sumri og hafa að minnsta kosti tvær af þessum búðum í lengri tíma, allt að viku og taka þar á andlegu hliðinni jafnt og þeirri líkamlegu. Einnig ætti þetta að þjappa hópunum betur saman, þau verða þá eingöngu í búðunum og gera ekkert annað í leiðinni.

Mikill áhugi var á að senda hópana til Portúgal í æfingabúðir og til Færeyja í æfingaleiki en einhvernveginn hefur þetta allaf stoppað. Sennilega er það vegna þess að við í nefndinni höfum ekki vitað hverjir væru í næsta hóp þannig að þau gætu þá safnað fyrir ferðinni með ársfyrirvara en ekki láta þau vita með tveggja vikna fyrirvara að þau væru að fara í þessar ferðar og þyrftu að greiða úr eigin vasa.

Fyrirhugað var að senda unglíngalandsliðin í Evrópukeppni smáþjóða, en hætt var við það þar sem þau hafa ekki verið að sýna viðunandi árangur á síðustu árum og sterkustu mennirnir að detta út úr U-liðunum, sýnir það okkur að við erum að treysta á of fáa aðila, þurfum að víkka út og stækka hópinn. En enn og aftur koma fjármálin þarna inn í og auglýst er eftir hugmyndum um fjáraflanir.

Ekki náðist samkomulag innan BLÍ um hvernig ætti að standa að þjálfaramálum og þess vegna



hafa orðið miklar seinkanir á ráðningu þjálfara fyrir komandi tímabil unglíngalandsliðanna. Engu að síður hefur verið gengið frá ráðningu þjálfara í þrjár stöður af fjórum er þetta er ritað.

Þetta sumar verða Magnús Aðalsteinsson og Marek Bernat þjálfarar U-19 liðanna og verður Norðurlandamót þeirra haldið á Akureyri 5.-7. september nk. Þjálfarar U-17 kvk liðsins verða hjónin Míglena og Apostol Apostolov. Enn er ekki búið að ráða í stöðu U-17 kk. U-17 liðin fara á Norðurlandamót U-17 sem verður í Falköping í Svíþjóð helgina 19.-21.

september.

Hæfileikabúðirnar í vetur voru haldnar í Snæfellsbæ og voru með öðru sniði en venjulega. Að okkar mati tókust þær mjög vel og voru óvenju fjölmennar. Þar fór fram forval í landsliðshópa U17 sem verða við æfingar í sumar, endanlegt val verður síðan væntanlega eftir tvær fyrstu æfingahelgarnar. Æfingabúðir sumarsins verða vonandi fleiri og lengri en síðasta sumar en lokafrágangur á þeim er ekki tilbúin og ekki búið að velja í öll liðin sem er nokkuð seint að okkar mati.

*F.h. Unglíngalandsliðsnefndar BLÍ
Ásta Sigrún Gylfadóttir, formaður*

Skýrsla Landsliðsnefndar

Í Landsliðsnefnd sátu Stefán Jóhannesson, formaður, Óskar Hauksson og Ingibjörg Gunnarsdóttir. Nefndin starfaði bæði með formlegum og óformlegum hætti. Meginverkefni nefndarinnar er stefnumótun fyrir A- landsliðin, ráðning landsliðsþjálfara og aðstoð og umsýsla við landsliðsverkefni.

Karalandslið Íslands

Á tímabilinu lék karlalandsliðið 5 leiki og vannst einn þeirra. Þjálfari liðsins var Todor Marinov og aðstoðarþjálfari var Karl Sigurðsson. Allir leikir liðsins voru á smáþjóðaleikunum í Mónakó. Þess

má geta að liðið lék 5 æfingaleiki fyrir Mónakóferðina en það tók þátt í hraðmóti í Hollandi. Í því móti var Einar Sigurðsson kjörinn besti leikmaðurinn.



Karlalandsliðið undirbýr sig nú fyrir keppni í undanriðli Evrópukeppni smáþjóða sem haldið verður á Möltu í byrjun júní. Þjálfari liðsins er Michael Overhage og honum til aðstoðar er Wojtech Bachorski.

Fyrirsjáanlegt er að kynslóðaskipti munu eiga sér stað hjá karlalandsliðinu á næstu árum og margir ungir og efnilegir leikmenn eru farnir að banka á dyrnar. Framtíðin er því björt hvað það varðar.

Karlalandsliðið 2007	Félag	leikir	Karlalandsliðið 2008	Félag	leikir
Vignir Hlöðversson	Stjarnan	91	Vignir Hlöðversson	Stjarnan	91
Emil Gunnarsson	Stjarnan	71	Emil Gunnarsson	Stjarnan	71
Hilmar Sigurjónsson	KA	6	Wojtek Bachorski	Stjarnan	0
Einar Sigurðsson	HK	49	Róbert Karl Hlöðversson	Stjarnan	41
Valur Guðjón Valsson	HK	40	Aðalsteinn Eymundsson	Þróttur R	5
Ólafur Þ. Viggósson	HK	11	Valur Guðjón Valsson	Þróttur R	40
Valgeir Valgeirsson	HK	5	Jóhann Sigurðsson	Þróttur R	16
Martin Raditchkov	ÍS	22	Áki Thoroddsen	Þróttur R	15
Róbert Karl Hlöðversson	Stjarnan	41	Hilmar Sigurjónsson	KA	6
Jóhann Már Arnarson	Stjarnan	5	Kristján Valdimarsson	KA	0
Jóhannes Stefánsson	HK	6	Hafsteinn Valdimarsson	KA	0
Zdravko Demirev	ÍS	24	Ingólfur H Guðjónsson	HK	0
Todor Marinov	Þjálfari		Michael Overhage	Þjálfari	
Karl Sigurðsson	aðst.þjálfari		Wojtek Bachorski	Aðst.þjálfari	
Ásta Sigrún Gylfadóttir	Liðsstjóri		Sævar Már Guðmundsson	Liðsstjóri	

Kvennalandslið Íslands

Kvennalandsliðið lék 14 leiki á tímabilinu sem er nýtt met í leikjafjölda. Landsliðsþjálfari fram til júlí 2007 var Marek Bernat, aðstoðarþjálfari var Emil Gunnarsson. Í nóvember 2007 var Magnús Aðalsteinsson ráðinn þjálfari og aðstoðarmaður hans var áfram Emil Gunnarsson. Liðið tók þátt í



úrslitakeppni Evrópukeppni smáþjóða í Glasgow og gerði sér lítið fyrir og vann það mót. Er það líklega besti árangur sem íslenskt blaklandslið hefur náð. Með sigrinum tryggði liðið sér sæti í Evrópukeppninni að ári. Þar dróst liðið á móti Makedóníu í forkeppni þar sem leikið er heima og að heiman. Stjórn BLÍ ákvað að semja við Makedóna um að leika báða leikina ytra og hafa þeir þegar farið fram. Báðir leikirnir töpuðust 3-0 þrátt fyrir ágæta frammistöðu hjá íslenska liðinu. Kvennaliðinu gekk hinsvegar illa á Smáþjóðaleikunum í Mónakó og einnig í undanriðli Evrópukeppni smáþjóða sem fram fór á Möltu fyrir skemmstu. Allir leikir

liðsins töpuðust og verður að viðurkennast að úrslitin eru vonbrigði fyrir alla sem koma að þessum málum. Þrátt fyrir þessi áföll erum við sannfærð um að vera á réttri leið með liðið. Liðið er ungt og á framtíðina fyrir sér.

Kvennalandsliðið 2007	Félag	leikir	Kvennalandsliðið 2008	Félag	leikir
Ingibjörg Gunnarsdóttir	HK	42	Birna Hallsdóttir	HK	60
Birna Hallsdóttir	HK	60	Fríða Sigurðardóttir	SCAD	52
Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir	Þróttur N	30	Elsa Sæný Valgeirsdóttir	HOLTE IF	45
Anna Pavliouk	Þróttur R	18	Lilja Jónsdóttir	Þróttur R	41
Miglena Apostolova	Þróttur N	23	Karen Björg Gunnarsdóttir	HK	32
Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir	Þróttur N	28	Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir	Þróttur N	28
Fríða Sigurðardóttir	SCAD	52	Kristín Salín Þórhallsdóttir	Þróttur N	20
Elsa Sæný Valgeirsdóttir	Holte IF	45	Erla Rán Eiríksdóttir	Þróttur N	16
Lilja Jónsdóttir	Þróttur R	41	Sæunn Skúladóttir	Þróttur R	5
Laufey Björk Sigmundsdóttir	HK	27	Fjóla Rut Svavarsdóttir	Þróttur R	3
Velina Apostolova	HK	8	Ásthildur Gunnarsdóttir	Þróttur R	3
Kristín Salín Þórhallsdóttir	Þróttur N	20	Theódóra Th. Þórarinsdóttir	HK	3
			Una Margrét Heimisdóttir	KA	3
Marek Bernat	þjálfari		Magnús Aðalsteinsson	þjálfari	
Emil Gunnarsson	Aðst.þjálfari		Emil Gunnarsson	aðst.þjálfari	
Sævar Már Guðmundsson	Liðsstjóri		Stefán Jóhannesson	Liðsstjóri	MKD
			Zdravko Demirev	Liðsstjóri	Malta

Stjórn BLÍ hefur ákveðið að skrá landsliðin til þátttöku í undankeppni HM 2010. Þetta verður því í fyrsta sinn sem BLÍ sendir lið í þá keppni. Undankeppnin mun fara fram fyrri hluta ársins 2009.

Úrslit leikja starfsárið 2007-2008 hjá landsliðum Íslands

Karlar		Staður	Keppni	H	Stigaskor
5.6.2007	Andorra - Ísland	Mónakó	Smáþjóðaleikar	3-1	25-22,25-17,23-25,25-14
6.6.2007	Ísland - Kýpur	Mónakó	Smáþjóðaleikar	0-3	16-25,17-25,14-25
7.6.2007	Mónakó - Ísland	Mónakó	Smáþjóðaleikar	1-3	25-14,20-25,22-25,16-25
7.6.2007	Luxembourg - Ísland	Mónakó	Smáþjóðaleikar	3-0	25-23,25-23,25-21
8.6.2007	Ísland - San Marino	Mónakó	Smáþjóðaleikar	0-3	17-25,18-25,16-25

Konur		Staður	Keppni	H	Stigaskor
11.5.2007	Ísland - Liechtenstein	Glasgow	EM Smáþjóða FINALS	3-1	25-17,19-25,30-28,25-11
12.5.2007	Kýpur - Ísland	Glasgow	EM Smáþjóða FINALS	1-3	24-26,21-25,27-25,23-25
13.5.2007	Ísland - Luxembourg	Glasgow	EM Smáþjóða FINALS	3-0	25-18,25-16,25-14
13.5.2007	Ísland - Skotland	Glasgow	EM Smáþjóða FINALS	2-3	25-20,25-27,25-18,23-25,12-15
5.6.2007	Luxembourg - Ísland	Mónakó	Smáþjóðaleikar	3-1	25-16,10-25,25-23,25-22
6.6.2007	Ísland - Kýpur	Mónakó	Smáþjóðaleikar	2-3	18-25,28-26,17-25,25-21,7-15
7.6.2007	San Marínó - Ísland	Mónakó	Smáþjóðaleikar	3-2	25-22,24-26,17-25,26-24,15-9
8.6.2007	Ísland - Liechtenstein	Mónakó	Smáþjóðaleikar	1-3	26-28,25-19,23-25,20-25
3.5.2008	Ísland - Tromsø Volley	Ísafjörður	Æfingaleikur	2-3	25-21,25-20,19-25,21-25,11-15
9.5.2008	Makedónía - Ísland	Makedónía	EM landsliða 1.umf.	3-0	25-11,25-18,25-8
11.5.2008	Ísland - Makedónía	Makedónía	EM landsliða 1.umf.	0-3	25-27,17-25,12-25
16.5.2008	Ísland - Kýpur	Malta	EM Smáþjóða forkeppni	0-3	16-25,19-25,17-25
17.5.2008	Malta - Ísland	Malta	EM Smáþjóða forkeppni	3-1	25-20,21-25,25-23,25-17
18.5.2008	Ísland - San Marínó	Malta	EM Smáþjóða forkeppni	0-3	15-25,18-25,21-25

Stjórn BLÍ og Landsliðsnefnd hafa unnið markvisst að því að fjölga verkefnum landsliðanna. Að sama skapi hefur kostnaður aukist eins og sjá má í reikningum BLÍ. Til að við náum að halda áfram á þeirri braut sem við höfum markað okkur er nauðsynlegt fá meira fjármagn inn í landsliðsstarfið.

Landsliðsnefnd vill þakka öllum þeim sem lögðu okkur lið á tímabilinu.

Stefán Jóhannesson, formaður Landsliðsnefndar

Strandblaksnefnd BLÍ

Eftir mjög gott strandblakár 2006 hófum við árið 2007 fullir eftirvæntingar um gott strandblakár, og það brást okkur ekki.

Árið 2007 var eitt stærsta strandblakár til þessa, og var það árið sem Strandblak á Íslandi komst í sögubækurnar.

Ólympíuleikar Smáþjóða 3. – 9. júní

Við hófum árið með því að velja í landslið Íslands sem áttu að taka þátt í Ólympíuleikum Smáþjóða í Monaco sem haldnir voru í byrjun júní.

Ísland hafði einu sinni áður sent út landslið til að spila en það var árið 2005 þegar þáverandi Íslandsmeistarar, Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson kepptu á Smáþjóðleikunum í Andorra.

Í þetta skiptið var ákveðið að senda þá Brynjar Pétursson og Karl Sigurðsson til að keppa fyrir hönd Íslands. Það er skemmst frá því að segja að þrátt fyrir að fara í gegnum mótið án þess að vinna hrinu, var karlaliðið okkar mjög stígandi er á leið mótið, og var jafnræði með íslenska liðinu og liði Luxemborgar, þó ekki næðist að vinna þann leik.



Miklar umræður urðu um það hvort það ætti að senda út kvennalið og kom það ekki í ljós fyrr en á síðustu stundu að svo yrði, og er óhætt að fullyrða að það sjái ekki nokkur maður eftir því í dag.

Ákveðið var að kvennaliðið væri skipað þeim Heiðbjörtu Gylfadóttur og Þóreyju Haraldsdóttur, þáverandi Íslandsmeisturum.

Þær mættu ákveðnar til leiks og fór svo að þær skráðu sig með glæsibrag í sögubækur, en þær urðu:

- Fyrsta íslenska landsliðið í strandblaki kvenna
- Fyrsta íslenska landsliðið í strandblaki til að vinna hrinu í landsleik (bæði kvenna og karla)
- Fyrsta íslenska landsliðið í strandblaki til að vinna landsleik (bæði kvenna og karla)
- Fyrsta íslenska landsliðið í strandblaki til að vinna til verðlauna á Ólympíuleikum Smáþjóða (bæði kvenna og karla)



Þær stóllur mættu liði Andorra í úrslitaleik um 3. sætið og var það einn mest spennandi strandblakleikur sem undirritaður hefur orðið vitni að, en hann tók 75 mín. en það telst frekar langur leikur í strandblaki, að ekki sé talað um í 35 stiga hita og erfiðum sandi. Það voru því gífurleg fagnaðarlæti sem brutust út meðal íslensku áhorfendanna, þegar þeir urðu vitni að þessum viðburði sem gleymist seint.

Þessi árangur kvennalandsliðsins skilaði sér svo í mótum ársins því þó nokkur fjölgun var á þátttakendum í þeim mótum sem haldin voru þá um sumarið.

Landsmót UMFÍ 5. – 8. júlí

Keptt var í fyrsta skipti í Strandblaki á Landsmóti UMFÍ, en þar sem ekki hafði verið keppt í því áður á Landsmóti þá var greinin sem sýningargrein.



Keppendur voru alls 28 í 5 kvennaliðum og 7 karlaliðum. Mikil stemning var á mótsstað þar sem diskótekarar héldu uppi fjörinu allan daginn.

Keptt var með svokölluðu “tvöföldu útsláttarkerfi” í karlakeppninni, en allir við alla í kvennakeppninni með hreinum úrslitaleik milli tveggja efstu liðanna.

Landsmótsmeistarar í karlaflokki urðu þeir Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson, en Landsmótsmeistarar í kvennaflokki urðu þær Heiðbjört Gylfadóttir og Þórey Haraldsdóttir.

Úrslit mótsins voru eftirfarandi í karlaflokki:

1. Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
2. Róbert Karl Hlöðversson og Jóhann Már Arnarsson
3. Emil Gunnarsson og Karl Sigurðsson

Úrslit í kvennakeppni:

1. Heiðbjört Gylfadóttir og Þórey Haraldsdóttir

2. Karen Björg Gunnarsdóttir og Lilja Jónsdóttir
3. Birta Björnsdóttir og Theódóra Þórarinsdóttir

Mótið þótti takast í alla staði mjög vel og var það mál manna að Strandblak væri íþrótt sem ætti heima á Landsmóti hér eftir.

Skemmtimót á Jónsmessu 23. Júní

Haldið var trimmmót í á Jónsmessu þar sem 28 manns mættu í 7 fjögurra manna liðum. Mótið var fjörugt og skemmtilegt og hugsað meira fyrir þá sem ekki hafa verið að lenda í toppsætum á öðrum mótum.

Eins og á öðrum mótum þá var það gleðin sem réð ríkjum. Fór svo á endanum að lið sem kallaði sig „Á pari“ sigraði mótið, en það var skipað þeim Ásthildi, Unni, Raket og Elísabetu.

Stigamót BLÍ á Þingeyri 30. Júní

Fyrsta stigamót ársins var haldið á Þingeyri í endann júní, og er það orðin hefð að eitt stigamót á ári sé haldið á þessum frábæra stað, við bestu aðstæður. Þeir sem höfðu tekið þátt í mótinu árið áður voru fullir tilhlökkunar að fara aftur vestur og var farin hópferð að sunnan.

Þátttaka var mjög góð og voru meðal annars 5 lið sem komu af Vestfjörðum og sýnir það að strandblak er íþrótt sem á heima allstaðar á landinu. Öllum þátttakendum var svo boðið í sund á eftir, en sundlaugin er eingöngu 10 metra frá strandblakvöllunum.

12 lið eða 24 einstaklingar skráðu sig til leiks. Kvennaliðin kepptu allir við alla og svo hreinn úrslitaleikur milli tveggja efstu liðanna. Í karlaflokki var spilað eftir tvöföldu útsláttarkerfi og fór það svo að í flokki karla urðu úrslit þannig:

1. Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
2. Eiríkur R Eiríksson og Valur Guðjón Valsson
3. Emil Gunnarsson og Karl Sigurðsson

Úrslit í kvenna keppninni

1. Heiðbjört Gylfadóttir og Þórey Haraldsdóttir
2. Birna Baldursdóttir og María Indriðadóttir
3. Laufey Sigmundsdóttir og Fríða Sigurðardóttir

Þingeyri hefur uppá að bjóða einu bestu aðstæðurnar fyrir strandblak á Íslandi og ekki spurning að þessi keppnisstaður er kominn til að vera.

Stigamót BLÍ á Akureyri 21. Júlí

Haldið var stigamót á Akureyri í júlí og mættu þar til leiks 14 manns í 6 karlaliðum og 1 kvennalið. KA menn tóku að sér að sjá um mótið og var það haldið á strandblakvöllinum þeirra við KA heimilið, en þeir hafa einn völl fyrir strandblak.

Því miður þá mættu ekki fleiri en eitt kvennalið í þetta mót en vonandi verður bót á því þetta sumarið. 6 karlalið mættu til leiks og var gaman að sjá að KA menn mættu með fleiri lið í keppnina en áður og er það vonandi að þeir, ásamt fleiri liðum sem ekki eru af höfuðborgarsvæðinu, taki þátt í þeim mótum sem eru í boði nú í sumar.

Úrslit mótsins urðu eftirfarandi:

1. Davíð Halldórsson og Hilmar Sigurjónsson



2. Jóhannes Stefánsson og Ólafur Arason
3. Hjörtur Halldórsson og Hannes Garðarsson

Þar sem aðeins eitt kvennalið mætti til leiks, þá voru þær að sjálfsögðu í efsta sæti og unnu sér stig í stigakeppni BLÍ.

1. Ásthildur Gunnarsdóttir og Elín Ósk Sigurðardóttir

KA menn stefna að því að bæta aðstöðuna fyrir strandblakið og er það vonandi að þeir nái því á þessu sumri.

Íslandsmótið í strandblaki 18. Ágúst

Lokamótið í Strandblaki var svo haldið í Fagralundi í Kópavogi þann 18. ágúst í brjálaðri blíðu.



34 manns skráðu sig til leiks í 9 kvennaliðum og 8 karlaliðum. Aldrei hefur þátttaka verið svo mikil og teljum við að sú vinna sem lögð hefur verið í strandblakið sé að skila sér í auknum fjölda þátttakenda.

Mikill undirbúningur var lagður í þetta mót þar sem fjöldi styrktaraðila kom að málum. Tekið var uppá ýmsum nýjungum svo sem **happdrætti** meðal keppenda og **fjár sjóðsleit** áhorfenda. Einnig var Kjörísbállinn á staðnum sem deildi út ís til allra viðstaddra og hélt einnig uppi stuði með tónlist úr mjög svo „pimpuðum“ ís-bíl. Einnig var boðið uppá heitt kaffi, kakó og orkudrykki. Allir þátttakendur fengu bol og gjafavöru sem var

innifalið í þáttökugjöldum.

Mikil og skemmtileg stemning myndaðis við fjár sjóðsleit áhorfenda, en þeir höfðu möguleika á því að grafa uppúr sandinum ýmsan varning, allt frá gjafabréfum í bílaþvott uppí farsíma. Leikurinn vakti mikla kátínu hjá öllum viðstöddum sem grófu hvað mest þeir máttu, og er öruggt að svipaðar uppákomur verða á komandi mótum.

Happdrætti meðal keppenda var sett þannig upp að eingöngu var dregið úr nöfnum þeirra keppenda sem enn voru á staðnum þegar úrslitaleikirnir fóru fram, og var þetta gert með það í huga að hafa sem allra flesta á staðnum í lok móts, en dregið var á milli hrina í úrslitaleik karla.

Kept var með tvöföldu útsláttarfyrikomulagi í báðum flokkum og urðu Íslandsmeistarar í flokki karla þeir Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson, en þetta var fjórða árið í röð sem þeir félagar vinna Íslandsmeistaratitilinn. Í kvennaflokki sigruðu þær Heiðbjört Gyolfadóttir og Þórey Haraldsdóttir og var það annað árið í röð sem þær vinna Íslandsmeistaratitilinn.



Heildar úrslitin í karlaflokki urðu þannig:

1. Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson
2. Emil Gunnarsson og Karl Sigurðsson
3. Vignir Hlöðversson og Wojtek Bachorski

Úrslit í kvennaflokki urðu þannig:

1. Heiðbjört Gyolfadóttir og Þórey Haraldsdóttir
2. Laufey Sigmundsdóttir og Fríða Sigurðardóttir
3. Birna Baldursdóttir og Lilja Jónsdóttir



Einnig voru krýndir stigameistarar ársins, en á hverju Stigamóti BLÍ vinna þátttakendur sér inn stig, mis mörg eftir því í hvaða sæti þeir lenda. Svo fór að stigameistarar í flokki karla urðu þeir Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson, en í flokki kvenna þær Heiðbjört Gylfadóttir og Þórey Haraldsdóttir, en segja má að þær stöllu hafi gjörsamlega átt strandblaksumarið 2007.

Þetta Íslandsmót var eitt besta mót sem haldið hefur verið í Strandblaki hér á landi, með góðum fjölda þátttakenda og ennþá fleiri áhorfendum. Með þessu áframhaldi er Strandblak íþrótt sem á bara eftir að vaxa.

Heimasíða

Á árinu var sett upp heimasíðu tileinkuð íþróttinni (www.strandblak.is) þar sem finna má upplýsingar um allt sem við kemur strandblaki hér á landi. Síðan hefur nýlega verið uppfærð og má þar meðal annars finna myndir af völlum landsins, ásamt upplýsingum um staðsetningu þeirra og mat á gæðum. Síðan er rekin af einstaklingum sem dá þessa íþrótt.

Lokaorð

Fleiri þátttakendur

Til þess að íþróttin nái að festa sig í sessi þá er það von okkar allra að öll blakfélög í landinu taki sig til og pressi á sín bæjarfélög að setja upp velli til iðkunar í strandblaki. Fjöldinn allur af fólki stundar blak víða um land á veturna og er það engin spurning að þeir sem hafa gaman af því að spila blak, hafa líka gaman af því á sumrin utandyra.

Landsliðin

Það sýndi sig í Monaco að með réttum undirbúningi er hægt að ná lengra en raun varð, en liðin voru stígandi eftir því sem leið á mótið. Landsliðin okkar æfðu fyrir mótið í 5 stiga hita og þéttum sandi. Þegar liðin komu svo til Monaco þá varð mesta breytingin frá aðstæðunum hér heima að liðið þurfti að spila í 35 stiga hita og í sandi sem var svo fínn að hann virkaði eins og hveiti miðað við sandinn sem við höfum uppá að bjóða.

Það er því engin vafi á því að til þess að landsliðin okkar hafi meiri möguleika á árangri, þurfa þau að komast á æfingamót eða í æfingabúðir erlendis sem hafa svipaða aðstöðu og eru á þeim mótum sem landsliðin eru send í.

Það hefur verið afar ánægjulegt að starfa við það að koma þessari íþrótt á framfæri hér á landi og vonumst við til að fá enn fleiri þátttakendur árið í ár en árið 2007.

Fyrir hönd strandblaknefndar BLÍ

Karl Sigurðsson

Karl Sigurðsson

Formaður strandblaknefndar

Blaksamband Íslands

Ársreikningur 2007

Unnið af Halldóru Sævarsdóttur

Blaksamband Íslands

Áritun stjórnar

Ársreikningur þessi fyrir árið 2007 er saminn skv. viðurkenndum bókhaldsvenjum og reglum þeim er Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands hefur samræmt fyrir sambandsaðila sína.

Ársreikningur Blaksambands Íslands samanstendur af rekstrarreikningi fyrir árið 2007, efnahagsreikningi þann 31. desember 2007 auk sundurliðana.

Við teljum að hann endurspegli afkomu Blaksambands Íslands fyrir ofangreint starfsár og samþykkjum hann hér með með undirritun okkar

Jason Ívarsson
formaður BLÍ

Óskar Hauksson
gjaldkeri BLÍ


Sævar Már Guðmundsson
framkvæmdastjóri BLÍ

Áritun skoðunarmanna BLÍ

Við undirritaðir skoðunarmenn BLÍ höfum yfirfarið ársreikning sambandsins fyrir árið 2007. Við höfum yfirfarið efnahagsliði í árslok og fengið greið svör við öllum fyrirspurnum.

Við leggjum því til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Akureyri, 30. maí 2008



Davíð Búi Halldórsson
kjörinn skoðunarmaður



Hjörtur Bjarki Halldórsson
kjörinn skoðunarmaður

Rekstrarreikningur ársins 2007

	skýr	2007	2006
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir.....	1	13.189.317	11.217.885
Mótatekjur.....	2	2.767.550	4.590.914
Aðrar tekjur.....	3	1.313.727	953.147
		17.270.594	16.761.946
 Rekstrargjöld			
Yfirstjórn.....	4	5.093.015	4.837.147
Íþróttaleg viðskipti.....	5	11.790.816	14.173.745
Kynning og fræðsla.....	6	197.203	711.957
Önnur gjöld.....	7	494.865	229.715
Afskriftir.....		250.000	250.000
		17.825.899	20.202.564
 Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(555.305)	(3.440.618)
 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur.....		28.526	11.047
Vaxtagjöld.....		(873.166)	(307.248)
		(844.640)	(296.201)
 Hagnaður (tap) ársins		(1.399.945)	(3.736.819)

Efnahagsreikningur 31. desember 2007

	skýr	2007	2006
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....		98.870	98.870
Blakdúkur.....		<u>2.000.000</u>	<u>2.250.000</u>
<i>Fastafjármunir samtals</i>		2.098.870	2.348.870
 Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur.....	8	852.377	704.034
Handbært fé	9	<u>15.014</u>	<u>463.314</u>
<i>Veltufjármunir samtals</i>		867.391	1.167.348
 Eignir samtals			
		<u>2.966.261</u>	<u>3.516.218</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2007

	skýr	2007	2006
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Eigið fé.....	10	(2.824.280)	(1.424.335)
<i>Eigið fé samtals</i>		<u>(2.824.280)</u>	<u>(1.424.335)</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		3.272.976	3.150.994
Kreditkort.....		2.195.141	986.931
Ógreiddur kostnaður.....		116.617	634.320
Ógreidd laun og launatengd gjöld.....		<u>205.807</u>	<u>168.308</u>
<i>Skuldir samtals</i>		5.790.541	4.940.553
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>2.966.261</u></u>	<u><u>3.516.218</u></u>

Sundurliðanir

	2007	2006
1 Framlög og styrkir		
Útbreiðslustyrkur ÍSl.....	889.702	842.009
Ungir og efnilegir.....	500.000	500.000
Lottó ÍSl.....	2.277.265	2.015.821
Styrkur Ól. fjölskyldan.....	400.000	500.000
Tekjur vegna unglिंगastarfs.....	486.000	305.000
Framlög landsliðsmanna.....	3.157.057	1.858.400
KrakkablaK.....	200.000	1.000.000
Brossamningur.....	400.353	276.554
Styrkir vegna unglिंगalandsliða.....	2.217.840	2.041.000
Ríkisstyrkur.....	1.600.000	1.500.000
Önnur framlög Norræni menningarmálasjóðurinn.....	1.061.100	379.101
	<u>13.189.317</u>	<u>11.217.885</u>
2 Mótatekjur		
Tekjur af mótahaldi.....	2.109.550	1.454.600
Tekjur af EM.....		2.437.214
Tekjur vegna æfingabúða, námskeiða o.fl.....	658.000	699.100
	<u>2.767.550</u>	<u>4.590.914</u>
3 Aðrar tekjur		
Félagaskipti.....	147.000	87.000
Sala fræðsluefnis.....	144.500	240.798
Aðrar tekjur.....	1.022.227	625.349
	<u>1.313.727</u>	<u>953.147</u>
4 Yfirstjórn		
Stjórnunarkostnaður.....	190.721	312.603
Póstur, sími, ritföng o.fl.....	301.419	476.113
Heimasíða.....	193.460	0
Þing og fundarkostnaður.....	176.760	115.343
Laun framkvæmdastjóra.....	1.821.724	1.683.544
Þjálfarar.....	1.193.509	1.186.583
Launatengd gjöld.....	209.070	175.088
Tryggingagjald.....	106.902	106.248
Dagpeningar.....	899.450	781.625
	<u>5.093.015</u>	<u>4.837.147</u>

Sundurliðanir

	2007	2006
5 Íþróttaleg viðskipti		
<u>Ferðakostnaður</u>		
Innanlands.....	1.443.315	1.315.033
Erlendis.....	5.638.879	4.466.127
 <u>Annað</u>		
Kostnaður vegna búninga og tilheyrandi	1.281.317	1.595.195
Kostnaður vegna þátttöku í mótum.....	975.533	1.461.441
Ferðakostnaður dómara.....	202.492	104.228
Kostnaður vegna mótahalds.....	1.171.668	826.694
Kostnaður vegna EM.....	0	3.496.716
Æfingabúðir, námskeið o.fl.....	750.500	611.147
Húsaleiga ÍSl.....	327.112	297.164
	<u>11.790.816</u>	<u>14.173.745</u>
 6 Kynning og fræðsla		
Fræðsla, útbreiðsla og kynning.....	147.203	711.957
Unglinganefnd BLÍ kostnaður v/unglingastarfs.....	50.000	0
	<u>197.203</u>	<u>711.957</u>
 7 Önnur gjöld		
Árgjöld NEVZA, CEV og FIVB.....	56.299	145.235
Árs- og uppskeruhátíð BLÍ.....	352.744	44.340
Önnur gjöld og heimsóknir erlendra gesta.....	85.822	40.140
	<u>494.865</u>	<u>229.715</u>
 8 Viðskiptakröfur		
Inneign hjá aðildarfélögum.....	165.000	165.000
Hilmar Sigurjónsson.....	0	(90.000)
Inneign hjá ÍSl.....	687.377	629.034
	<u>852.377</u>	<u>704.034</u>
 9 Handbært fé		
Tékkareikningur 4062.....	15.014	463.314
	<u>15.014</u>	<u>463.314</u>
 10 Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé frá fyrra ári.....	(1.424.335)	2.312.484
Afkoma ársins.....	(1.399.945)	(3.736.819)
	<u>(2.824.280)</u>	<u>(1.424.335)</u>

Viðaukar

Blaklandsliðin í Mónakó

Segja má að formlegur undirbúningur kvennalandsliðsins hafi hafist með þátttöku í Novotel cup í Luxemborg í janúar. Næsta mót var svo úrslitamót Evrópukeppni smáþjóða í Skotlandi 11.-13. maí. Þar sigraði liðið með glæsibrag. Á milli þessara móta og fram að ferðinni til Mónakó var æft nokkuð reglulega. Ekki var hægt að hafa allt liðið saman á nema fáum æfingum sökum búsetu leikmanna í útlöndum.

Þjálfarar voru Marek Bernat, og Emil Gunnarsson. Aðstoðarmaður í Mónakó var Sævar Már Guðmundsson.

Í fyrsta sinn var sent kvennalið til keppni í strandblaki. Eðli máls samkvæmt er erfitt fyrir strandblakliðin að undirbúa sig fyrir keppni svo snemma árs. Þau undirbjuggu förina eins vel og hægt var undir styrkri stjórn Karls og Einars Sigurðssonar.

Landsliðshópur karla var valinn í byrjun mars og æft var nokkuð reglulega fram að leikunum. Liðið tók þátt í móti í Hollandi 18.-20. maí. Þjálfarar voru Todor Marinov og Karl Sigurðsson. Ásta S. Gylfadóttir var þeim til aðstoðar í Mónakó.

Fyrir undanfarna leika hafa liðin ekki átt þess kost að leika æfingaleiki við erlend lið sem er mjög mikilvægt. Nú varð breyting á og með því má segja að undirbúningur liðanna hafi verið betri en nokkru sinni fyrr. Blaksambandið endi nú 28 keppendur á leikana og með þeim var 6 manna fylgdarlið og er það stærsti hópurinn sem BLÍ hefur sent á smáþjóðaleika hingað til. Auk þess fór 1 dómari á vegum sambandsins sem fær réttindi sem alþjóðlegur dómari á næstunni.

Undirbúningur fararinnar að hálfu ÍSÍ var góður, nauðsynlegum upplýsingum var miðlað í tíma og ferðin undirbúin á sem bestan hátt. Það var vitað að ferðalagið yrði erfitt og reyndi á þanþol ferðalanganna og aðstaðan um borð í skipinu væri í þrengra lagi. Mikið var lagt upp úr því að jákvæðnin væri í hávegum höfð og vandamálin leyst með bros á vör. Þetta tvennt gekk að mínu mati upp í ferðinni.

Aðbúnaður í skipinu var framar vonum, matur mikill og nægur auk góðrar þjónustu. Það tók helst til langan tíma að komast á milli keppnisstaða í þessu annars litla ríki. Aðstæður til æfinga og keppni voru þokkalegar miðað við staði á þessari breiddargráðu.

Mikill slaki var á öllu því er að umgjörð keppinnar vissi. Tæknifundir voru ómarkvissir og ekki í neinu samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í alþjóðlegri keppni. Að auki var fundarstaðurinn óviðunandi sökum utanaðkomandi truflunar. Lítið fór fyrir formlegheitum á keppnisstað en allt gekk þó eðlilega upp að lokum.

Árangur liðanna var mjög misjafn. Fyrirfram hafði verið búist við miklu af kvennaliðinu þar sem það var nýbúið að vinna Evrópukeppni smáþjóða. Eitthvað olli því að ekki vannst neinn leikur í mótinu sem var liðinu mikil vonbrigði. Þess ber að geta að margir leikir töpuðust með minnsta mögulega mun.

Árangur karlaliðsins var svipaður og vænta mátti, einn leikur vannst og hinir töpuðust með mismiklum mun.

Karlaliðið í strandblaki stóð sig vel miðað við aðstæður. Kvennaliðið kom mest á óvart allra blakliðanna með því að lenda í þriðja sæti eftir æsispennandi leik við Andorra.

Ég vil þakka fararstjórum, þjálfurum og keppendum á vegum BLÍ fyrir þeirra mikla framlag. Fararstjórum og forystumönnum ÍSÍ þakka ég góða samvinnu og utanumhald í ferðinni. Að lokum fá aðrir samferðamenn bestu þakkir fyrir ánægjulega ferð.

F.h. Blaksambands Íslands

Jason Ívarsson
Formaður BLÍ og hópstjóri

Úrslit blakleikja í Mónakó

Kvennalandsliðið

5.6.2007	Luxembourg - Ísland	3-1	25-16,10-25,25-23,25-22
6.6.2007	Ísland - Kýpur	2-3	18-25,28-26,17-25,25-21,7-15
7.6.2007	San Marínó - Ísland	3-2	25-22,24-26,17-25,26-24,15-9
8.6.2007	Ísland - Liechtenstein	1-3	26-28,25-19,23-25,20-25

Karlalandsliðið

5.6.2007	Andorra - Ísland	3-1	25-22,25-17,23-25,25-14
6.6.2007	Ísland - Kýpur	0-3	16-25,17-25,14-25
7.6.2007	Mónakó - Ísland	1-3	25-14,20-25,22-25,16-25
7.6.2007	Luxembourg - Ísland	3-0	25-23,25-23,25-21
8.6.2007	Ísland - San Marino	0-3	17-25,18-25,16-25

Strandblak karla

5.6.2007	Andorra - Ísland	2-0	21-13, 21-13
5.6.2007	Ísland - San Marino	0-2	12-21, 10-21
6.6.2007	Liechtenst. - Ísland	2-0	21-13, 21-14
6.6.2007	Ísland - Mónakó	0-2	14-21, 14-21
7.6.2007	Luxembourg - Ísland	2-0	21-12, 16-21
8.6.2007	Ísland - Kýpur	0-2	8-21, 16-21

Strandblak kvenna

5.6.2007	Mónakó - Ísland	2-0	21-10, 21-11
6.6.2007	Luxembourg - Ísland	2-0	21-11, 21-17
7.6.2007	Andorra - Ísland	0-2	16-21, 11-21
8.6.2007	Luxembourg - Ísland	2-0	21-11, 21-12
9.6.2007	Ísland - Andorra	2-1	21-19, 23-25, 15-12

Afmælisávarp formanns BLÍ

Blaksamband Íslands átti 35 ára afmæli 11. nóvember 2007. Segja má að það sé búið að slíta barnsskónum og komið nokkuð vel á legg enda er afmælisbarnið á besta aldri.

Á undanförunum 35 árum hefur starfsemi sambandsins eðlilega breyst mikið í takt við breytta tíma. Fyrstu árin voru flest störf unnin í sjálfböðavinnu og skrifstofan var aðeins opin í nokkrar klukkustundir á viku. Sama fólk stjórnaði sambandinu, blakdeildunum, sá um þjálfun og dómgæslu auk þess að vera að æfa og keppa sjálft. Deildarkeppnin óx nokkuð fljótt með fjölgun félaga sem tóku þátt í deildar – og bikarkeppni. Síðar hófst starf með yngri þátttakendum.

Á seinasta áratug síðustu aldar fór að gæta nokkurrar niðursveiflu í blakinu. Félögum fækkaði og starfsemi yngri flokka var ekki eins kröftug og hún þurfti að vera til þess að endurnýjunin yrði eðlileg. Ljósi punkturinn var þó sá að geta leikmanna varð meiri enda fjölgaði þeim sem höfðu valið það að stunda blak sem sína fyrstu og einu íþrótt.

Ísland hefur sent landslið til keppni frá árinu 1974. Lengst framan af var keppt á Norðurlandamótum og við Færeyinga en hin síðari ár hefur mest verið keppt við aðrar smáþjóðir í Evrópu.

Segja má að uppsveifla blaksins hafi hafist aftur í byrjun þessarar aldar. Ákveðið var að taka upp svokallað Krakkablað til þess að ná betur til yngri þátttakenda en tekist hafði áður. Ég tel ekki á neinn hallað þó ég segi að Sigurður Arnar Ólafsson hafi átt mestan heiðurinn af því að koma Krakkablaðinu á fót hér á landi og að mínu mati tel ég hann hafa blásið miklu lífi í glæður blaksins sem voru eilítið farnar að kulna. Ég vil hér með þakka honum fyrir mikið og óeigingjarnt starf í þágu blaksins hér á landi.

Nú var ákveðið að senda landslið kvenna í fyrsta skipti í Evrópukeppni og er það liður í því að koma liðinu á annað og betra getustig. Það er von okkar sem störfum í blakhreyfingunni hér á landi að þetta verði upphafið að meiri og betri afrekum hjá konunum okkar. Þær gáfu einmitt tóninn með því að sigra glæsilega í keppni C þjóða í Evrópu síðastliðið vor.

Síðastliðið haust voru fjögur lið send til þátttöku í Norðurlandamóti unglunga, svo mörg lið haf ekki fyrir verið send í þessari keppni. Þar er unglingastarf seinni ára að skila árangri.

Krafa um betri árangur kallar á meiri umsvif og fleiri verkefni fyrir okkar keppnisfólk. Blaksambandið hefur náð hagstæðum samningum við portúgalska blaksambandið sem gefur okkar fólk tækifæri til frekari landvinninga í íþróttinni. Í þeim samningi felst m.a. að Ísland getur sent landslið til Portúgals í æfinga – og keppnisferðir.

Strandblakið hefur náð að festa sig í sessi hér á landi og þrátt fyrir erfiðar aðstæður fer keppendum ört fjölgandi. Það vakti óskipta athygli þegar kvennalið Íslands hafnaði í þriðja sæti á Ólympíuleikum smáþjóða í ár. Til þess að fylgja eftir þessum góða árangri þá verður að koma upp innanhúsaðstöðu fyrir strandblak eins og þekkt er á öðrum norðlægum slóðum.

Keppni í eldri flokkum vex jafnt og þétt og Öldungamótið er löngu orðin þekktur íþróttaviðburður sem önnur sérsambönd öfunda okkur af.



Á þessum tímamótum tel ég að blakið á Íslandi hafi ekki staðið betur í annan tíma. Þeim félögum sem hafa tekið Krakkablakið upp fjölgar stöðugt og innan örfárra ára munu þessir iðkendir þeirra skila sér upp alla yngri flokkana og félögum í deildarkeppni munu fjölga.

Verkefnum þeirra sex landsliða sem nú er haldið úti mun fjölga á næstu árum og árangur þeirra væntanlega batna.

Ég vil að lokum þakka öllum þeim sem starfa að blakmálum hér á landi fyrir þeirra mikla og góða starf og óska okkur öllum til hamingju með afmælið.

Jason Ívarsson formaður Blaksambands Íslands



Jason Ívarsson fær silfurmerki ÍSÍ afhent



Jason Ívarsson, formaður BLÍ og Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ

Á næstu síðum má finna ýmsa tölfræði yfir afreksmenn, heiðursmerkis- og starfsmerkishafa BLÍ. Þessir listar eru uppfærðir með öllum upplýsingum sem var að finna frá upphafi.

Heiðursmerkishafar BLÍ - Gull

John Framnes
 Albert H.N. Valdimarsson
 Anton Bjarnason
 Hermann Stefánsson
 Ólafur Sigurðsson
 Kjartan Páll Einarsson, 1995
 Guðmundur Arnaldsson, 1995
 Gunnar Árnason, 1997
 Halldór Jónsson, 1997
 Grímur Magnússon, 1997
 Stefán Jóhannesson, 1999
 Berglind Þórhallsdóttir, 2002
 Björgólfur Jóhannsson, 2002
 Leifur Harðarson, 2002
 Petrún Björg Jónsdóttir, 2002
 Skjöldur Vatnar Björnsson, 2002
 Þorvaldur Sigurðsson, 2002
 Jónas Traustason, 2003
 Dr. Ingimar Jónsson, 2005
 Júlíus Hafstein, 2006
 Sigurður Arnar Ólafsson, 2008

Silfurmerkishafar BLÍ

Arngrímur Þórgímsson
 Stefán Jóhannesson
 Jason Ívarsson
 Leifur Harðarson
 Berglind Þórhallsdóttir, 1997
 Stefán Magnússon, 1998
 Jón Ólafur Valdimarsson, 2004
 Vilborg Guðmundsdóttir, 2004
 Geir Guðnason, 2004
 Haukur Valtýsson, 2008
 Gunnar Garðarsson, 2008
 Davíð Búi Halldórsson, 2008

Leikmenn 50 landsleikir

Oddný Erlendsdóttir, 1997
 Birna Hallsdóttir, 2007
 Vignir Hlökkversson, 2007
 Emil Gunnarsson, 2007
 Ólafur Heimir Guðmundsson, 2007
 Fríða Sigurðardóttir, 2007

Blakmenn ársins frá upphafi

Ár	Nafn	Félag	Ár	Nafn	Félag
1973	Þór Sigþórsson	ÍS	1996	Ólafur Heimir Guðmundsson	Gentofte
1974	Halldór Jónsson	ÍS	1997	Dagbjört Víglundsóttir	ÍS
1975	Indriði Arnórsson	ÍS	1998	Dagbjört Víglundsóttir	Valdosta
1976	Guðmundur E. Pálsson	Þrótti R.		Einar Sigurðsson	Gentofte
1977	Valdemar S. Jónasson	Þrótti R.	1999	Ingibjörg Gunnarsdóttir	ÍS
1978	Jóhanna Guðjónsdóttir	Völsungi		Áki Thoroddsen	Gentofte
1979	Haraldur Geir Hlökkversson	Umf.Laugdæla	2000	Fríða Sigurðardóttir	HIK Aalborg
1980	Leifur Harðarson	Umf.Laugdæla		Zdravko Demirev	ÍS
1981	Friðjón Bjarnason	ÍS	2001	Hulda Elma Eysteinsdóttir	Þrótti N.
1982	Leifur Harðarson	Þrótti R.		Valur Guðjón Valsson	Þrótti R.
1983	Lárentsínus H. Ágústsson	Þrótti R.	2002	Fríða Sigurðardóttir	USA
1984	Jón Árnason	Þrótti R.		Róbert Karl Hlökkversson	Stjörnunni
1985	Auður Aðalsteinsdóttir	ÍS	2003	Karen Björg Gunnarsdóttir	KA
1986	Leifur Harðarson	Þrótti R.		Einar Sigurðsson	HK
1987	Sigurborg Gunnarsdóttir	UBK	2004	Anna Pavliouk	Þrótti R.
1988	Haukur Valtýsson	KA		Brynjar Pétursson	HK
1989	Stefán Jóhannesson	KA	2005	Jóna Guðlaug Vígfúsdóttir	Þrótti N.
1990	Þorvarður Sigfússon	ÍS		Emil Gunnarsson	Stjörnunni
1991	Særún Jóhannsdóttir	Víkingi	2006	Fríða Sigurðardóttir	SCAD
1992	Matthías Bjarki Guðmundsson	Þrótti R.		Róbert Karl Hlökkversson	Stjörnunni
1993	Þórey Haraldsdóttir	ÍS	2007	Miglena Apostolova	Þrótti N.
1994	Stefán Þ. Sigurðsson	HK		Davíð Búi Halldórsson	KA
1995	Elva Rut Helgadóttir	HK			

Bestu og efnilegustu leikmenn Íslandsmóta frá upphafi

Kjörin af leikmönnum.

2008		
	Best	Efnilegust
1.deild karla	Masayuki Takahashi	Árni Björnsson
1.deild kvenna	Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir	Theódóra Th. Þórarinsdóttir
Dómari:	Sævar Már Guðmundsson	
2007		
	Best	Efnilegust
1.deild karla	Wojtek Bachorski	Hilmar Sigurjónsson
1.deild kvenna	Anna Pavliouk	Erla Rán Eiríksdóttir
Dómari:	Stefán Jóhannesson	
2006		
	Best	Efnilegust
1.deild karla	Wojtek Bachorski	Þorsteinn Guðmundsson
1.deild kvenna	Miglena Apostolova	Erla Rán Eiríksdóttir
Dómari:	Sævar Már Guðmundsson	
2005		
	Best	Efnilegust
1.deild karla	Brynjar Pétursson	Subaru Takenaka
1.deild kvenna	Anna Pavliouk	Kristín Salín Þórhallsdóttir
Dómari:	Leifur Harðarson	
2004		
	Best	Efnilegust
1.deild karla	Einar Sigurðsson	Fannar Örn Þórðarson
1.deild kvenna	Miglena Apostolova	Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir
Dómari:	Leifur Harðarson	
2003		
	Best	Efnilegust
1.deild karla	Martin Raditchkov	Aðalsteinn Eymundsson
1.deild kvenna	Birna Baldursdóttir	Alexandra Tómasdóttir
Dómari:	Leifur Harðarson	
2002		
	Best	Efnilegust
1.deild karla	Ekkert val	
1.deild kvenna		
Dómari:		
2001		
	Best	Efnilegust
1.deild karla	Galin Raditchkov	Ómar Dennis Atlason
1.deild kvenna	Anna Pavliouk	Elsa Sæný Valgeirsdóttir
Dómari:	Leifur Harðarson	

		2000	
	Best		Efnilegust
		Ekkert val	
1999			
	Best		Efnilegust
1.deild karla	Olexyi Sushko		Andri Þór Magnússon
1.deild kvenna	Birna Hallsdóttir		Hulda Elma Eysteinsdóttir
Dómari:			Leifur Harðarson
1998			
	Best		Efnilegust
1.deild karla	Emil Gunnarsson		Matthías Haraldsson
1.deild kvenna	Dagbjört Víglundsdóttir		Jóhanna Gunnarsdóttir
Dómari:			Kristján Gunnarsson
1997			
	Best		Efnilegust
1.deild karla	Áki Thoroddsen		Brynjar Pétursson
1.deild kvenna	Miglana Apostolova		Birna Baldursdóttir
Dómari:			Kristján Sigurðsson
1996			
	Best		Efnilegust
1.deild karla	Zdravko Demirev		Davíð Búi Halldórsson
1.deild kvenna	Anna Guðrún Einarsdóttir		Guðrún Jónsdóttir
Dómari:			Leifur Harðarson
1995			
	Best		Efnilegust
1.deild karla	Vignir Hlöðversson		Einar Sigurðsson
1.deild kvenna	Elva Rut Gylfadóttir		Ragnhildur Einarsdóttir
Dómari:			Þorvaldur Sigurðsson
1994			
	Best		Efnilegust
1.deild karla	Zdravko Demirev		Ólafur Heimir Guðmundsson
1.deild kvenna	Þórey Haraldsdóttir		Dagbjört Víglundsdóttir
Dómari:			Þorvaldur Sigurðsson
1993			
	Best		Efnilegust
1.deild karla	Ólafur Viggósson		Gottskálk Gizurarson
1.deild kvenna	Odný Erlendsdóttir		Unnur Ása Atladóttir
Dómari:			Gunnar Árnason
1992			
	Best		Efnilegust
1.deild karla	Bjarni Þórhallsson		Ívar Kristinsson
1.deild kvenna	Þórey Haraldsdóttir		Þorbjörg Jónsdóttir
Dómari:			Leifur Harðarson

1991		
	Best	Efnilegust
1.deild karla	Þróstur Friðfinnsson	Stefán Þ. Sigurðsson
1.deild kvenna	Særún Jóhannsdóttir	Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir
Dómari:		Marteinn Guðgeirsson

1990		
	Best	Efnilegust
1.deild karla	Þorvarður Sigfússon	Kári Kárasón
1.deild kvenna	Oddný Erlendsdóttir	Jóna Lind Sævarsdóttir
Dómari:		Björn Guðbjörnsson

1989		
	Best	Efnilegust
1.deild karla	Jón Árnason	Vignir Hlöðversson
1.deild kvenna	Birna S. Hallsdóttir	Jóna Harpa Viggósdóttir
Dómari:		Þorvaldur Sigurðsson

1988		
	Best	Efnilegust
1.deild karla	Marteinn Guðgeirsson	Einar Ásgeirsson
1.deild kvenna	Sigurborg Gunnarsdóttir	Þórey Haraldsdóttir
Dómari:		Björgólfur Jóhannesson

1987		
	Best	Efnilegust
1.deild karla	Leifur Harðarson	Vignir Hlöðversson
1.deild kvenna	Sigurborg Gunnarsdóttir	Elín Guðmundsdóttir
Dómari:		Skúli Unnar Sveinsson

Dómarar BLÍ leiktímabilið 2007-2008

Héraðsdómarar	Fjöldi leikja
Leifur Harðarson	13
Jón Ólafur Valdimarsson	18
Sævar Már Guðmundsson	39
Stefán Jóhannesson	15
Jón Árnason	10
Brynjar Pétursson	6
Jason Ívarsson	22
Karl Sigurðsson	4
Andrea Maja Burgherr	11
Karl Matthías Valtýsson	8
Hannes Karlsson	6
Jóhannes Stefánsson	23

Héraðsdómarar	Fjöldi leikja
Ólafur J. Júlíusson	17
Susanne Freuler	1
Úrsúla Junemann	4
Svala Vignisdóttir	19
Hrefna Stefánsdóttir	3
Valgeir Valgeirsson	8
Lilja Margrét Hreiðarsdóttir	4
Reynir Árnason	5
Ólafur Arason	11
Ásta Gylfadóttir	8
Hrefna Brynjólfsdóttir	1
Heimir Gunnarsson	4
Orri Þór Jónsson	8
Viðar Gylfason	8

Staða spjalda eftir leiktímabilið 2007-2008

Einn leikmaður tók út leikbann í vetur

Filip Szewczyk, KA fyrir rautt spjald

Einn þjálfari tók út leikbann í vetur

Marek Bernat, KA fyrir 3 gul spjöld

Staða gulra spjalda

Jón Ólafur Valdimarsson, Þrótti R. 1 gult spjald
 Hannes Ingi Geirsson, Stjörnunni 1 gult spjald
 Aleksander Simeonov, Stjörnunni 1 gult spjald
 Arkadiusz Wozniak, Stjörnunni 1 gult spjald
 Todor Marinov, ÍS 1 gult spjald
 Zdravko Demirev, ÍS 1 gult spjald
 Filip Szewczyk, KA 1 gult spjald
 Reynir Árnason, HK 1 gult spjald
 Jóhannes Stefánsson, HK 1 gult spjald
 Guðmundur Sigmarsson, Hrunamenn 1 gult spjald

Erla Rán Eiríksdóttir, Þrótti Nes 1 gult spjald

Úrslit leikja

NEVZA U19 Úrslit

Pool A Girls

Match	Date/Time	Opponents	Result	Sets					Total
				1	2	3	4	5	
MPA-01	21.09.2007 / 09:00	Norway vs Faroe Islands	3:0	25:18	25:19	25:14	-	-	75:51
MPA-02	21.09.2007 / 17:00	Norway vs England	3:1	25:19	25:20	21:25	25:21	-	96:85
MPA-03	22.09.2007 / 09:00	England vs Faroe Islands	1:3	12:25	25:23	16:25	16:25	-	69:98

Rk	Code	Country	Points	Matches		Sets			Points		
				Won	Lost	Won	Lost	Ratio	Won	Lost	Ratio
1	-	Norway	4	2	0	6	1	6	171	136	1,25
2	-	Faroe Island	3	1	1	3	4	0,75	149	144	1,03
3	-	England	2	0	2	2	6	0,33	154	194	0,79

Pool B Girls

Match	Date/Time	Opponents	Result	Sets					Total
				1	2	3	4	5	
MPB-04	21.09.2007 / 11:00	Denmark vs Iceland	3:0	25:23	26:24	25:20	-	-	76:67
MPB-05	21.09.2007 / 19:00	Denmark vs Sweden	1:3	22:25	20:25	25:23	16:25	-	83:98
MPB-06	22.09.2007 / 11:00	Sweden vs Iceland	3:0	25:17	25:15	25:11	-	-	75:43

Rk	Code	Country	Points	Matches		Sets			Points		
				Won	Lost	Won	Lost	Ratio	Won	Lost	Ratio
1	-	Sweden	4	2	0	6	1	6	173	126	1,37
2	-	Denmark	3	1	1	4	3	1,33	159	165	0,96
3	-	Iceland	2	0	2	0	6	0	110	151	0,72

Semi finals Girls

Match	Date/Time	Opponents	Result	Sets					Total
				1	2	3	4	5	
MSF-07	22.09.2007 / 17:00	Norway - vs - Denmark	0:3	16:25	17:25	15:25	-	-	48:75
MSF-08	22.09.2007 / 19:00	Faroe Iceland- vs -Sweden	0:3	18:25	12:25	16:25	-	-	46:75

PS. SWE or ICE girls play SF2 19 pm (semi finale) because play pool match 11 am.

Finals Girls

Match	Date/Time	Opponents	Result	Sets					Total
				1	2	3	4	5	
MF-09 5.-6.place	23.09.2007 / 13:00	England - vs - Iceland	3:0	25:23	29:27	25:21	-	-	79:71
MF-10 3.-4.place	23.09.2007 / 15:00	Faroe Islands - vs - Norway	3:1	25:27	25:20	25:17	25:14	-	100:78
MF-11 1.2.place	23.09.2007 / 17:00	Sweden - vs - Denmark	3:0	25:22	25:17	25:16	-	-	75:55

- Winner – Sweden
 2. place – Denmark
 3. place – Faroe Islands
 4. place – Norway
 5. place – England
 6. place – Iceland

Day 1 Boys

Match	Date/Time	Opponents	Result	Sets					Total
				1	2	3	4	5	
MPE-01	21.09.2007 / 13:00	England vs Sweden	2:3	25:23	16:25	25:14	21:25	9:15	96:102
MPE-02	21.09.2007 / 15:00	Iceland vs Norway	0:3	11:25	23:25	21:25	-	-	55:75
MPE-03	21.09.2007 / 21:00	Sweden vs Denmark	3:0	25:21	25:19	25:22	-	-	75:66

Day 2 Boys

Match	Date/Time	Opponents	Result	Sets					Total
				1	2	3	4	5	
MPE-01	22.09.2007 / 13:00	Denmark vs Iceland	3:0	25:8	25:15	25:16	-	-	75:39
MPE-02	22.09.2007 / 15:00	Norway vs Sweden	3:1	22:25	25:22	25:19	25:19	-	97:85
MPE-03	22.09.2007 / 21:00	England vs Denmark	1:3	17:25	25:22	22:25	19:25	-	83:97

Day 3 Boys

Match	Date/Time	Opponents	Result	Sets					Total
				1	2	3	4	5	
MPE-01	23.09.2007 / 09:00	Iceland vs Sweden	0:3	13:25	10:25	13:25	-	-	36:75
MPE-02	23.09.2007 / 11:00	England vs Norway	0:3	14:25	20:25	19:25	-	-	53:75
MPE-03	23.09.2007 / 19:00	Denmark vs Norway	0-3	20:25	21:25	20:25	-	-	61:75
MPE-04	23.09.2007 / 21:00	England vs Iceland	3:0	25:14	25:18	25:19	-	-	75:51

Place boys

Rk	Code	Country	Points	Matches		Sets			Points		
				Won	Lost	Won	Lost	Ratio	Won	Lost	Ratio
1	NOR	Norway	8	4	0	9	1	9	322	254	1,26
2	SWE	Sweden	7	3	1	10	5	2	337	224	1,14
3	DEN	Denmark	6	2	2	6	7	0,85	299	272	1,09
4	ENG	England	5	1	3	6	9	0,66	307	325	0,94
5	ICE	Iceland	4	0	4	0	9	0	181	300	0,60

U17 ára keppnin í Kuortane í Finnlandi fór fram 7.-9. september 2007

Stúlkur

7. september	Finnland – Ísland	3-0
8. september	Danmörk – Ísland	3-0
8. september	Ísland – Noregur	0-3
9. september	Svíþjóð – Ísland	3-1
9. september	Ísland – Færeyjar	1-3

Stúlkurnar enduðu í 6. sæti

Drengir

7. september	Finnland – Ísland	3-0
8. september	Ísland – Noregur	0-3
8. september	Danmörk – Ísland	3-0
9. september	Ísland – Færeyjar	2-3
9. september	Svíþjóð – Ísland	3-0

Drengirnir enduðu í 6. sæti

Á næstu 65 síðum eða svo má finna úrslit úr leikjum vetrarins í blaki og stigaskor leikmanna í efstu deild karla og kvenna. Þess ber að geta að þar eru einnig úrslit úr yngriflokkamótum vetrarins og Öldungamóti BLÍ sem fram fór á Ísafirði helgina 1.-3. maí sl. Blaðsíður er þó ekki númeraðar þar sem þetta eru viðaukar.